



Áfangaskýrsla forseta 2001

Sú skýrsla sem hér fer á eftir er áfangaskýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands frá 39. þingi ASÍ í nóvember 2000 og fram að ársfund 2001 sem haldinn er í lok maí. Þar sem um stuttan tíma er að ræða verður endanleg skýrsla um starfið gefin út fyrir ársfund 2002. Þessi skýrsla er því ekki eins ítarleg og skýrslur forseta eru að jafnaði og aðeins er stiklað á helstu atriðum í starfi Alþýðusambandsins.

Áfangaskýrslan er unnin af starfsfólki á skrifstofu Alþýðusambandsins í Reykjavík. Rannveig Sigurðardóttir tók saman umfjöllun um forsendur kjarasamninga, yfirlit yfir þróun efnahagsmála og kafla um atvinnumál. Arnar Guðmundsson skrifaði um lagasetningu á sjómenn, frumkvæði ASÍ í velferðarmálum og atvinnuleyfi dansara á næturklúbbum. Halldór Grönvold tók saman kaflana um ofurtolla á grænmeti, jafnréttis- og fjölskyldumál, menntamál, vinnuverndarmál, framkvæmd EES samningsins, erlend samskipti að hluta, starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ og umsagnir um þingmál. Magnús Norðdahl tók saman efni um málefni útlendinga, húsnæðismál, lífeyris- og tryggingamál og erlend samskipti að hluta. Starfsfólk MFA tók saman skýrsluna um starf MFA og stofnana þess. Annað efni er tekið saman af starfsmönnum ásamt ritstjóra.

Ritstjóri: Arnar Guðmundsson
Ábyrgðarmaður: Grétar Þorsteinsson

Áfangaskýrslan er lögð fyrir ársfund ASÍ 2001
28. – 29. maí 2001

Reykjavík, maí 2001 – Alþýðusamband Íslands



Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
39. ÞING ASÍ	5
FORSENDUR KJARASAMNINGA	5
<i>SKATTAHÆKKUN Í DESEMBER 2000 – SAMNINGUM ÓGNAÐ</i>	5
<i>FORMANNARÁÐSTEFNA ASÍ Í JANÚAR 2001</i>	5
<i>NIDURSTAÐA NEFNDAR ASÍ OG SA Í MARS 2001</i>	5
<i>YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNARINNAR – SKATTAMÁL OG VERÐLAGSMÁL</i>	6
LÖG SETT Á SJÓMENN	6
ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA	7
VELFERÐ FYRIR ALLA – ASÍ BÝÐUR TIL ÞJÓÐARUMRÆÐU	10
<i>MÁL ÖRYRKJABANDALAGS ÍSLANDS GEGN TRYGGINGASTOFNUN</i>	11
1. MAÍ 2001 – INNLEGG Í ÞJÓÐARUMRÆÐUNA	11
OFURTOLLAR OG FÁKEPPNI Á GRÆNMETISMARKAÐI	12
JAFNRÉTTIS- OG FJÖLSKYLDUMÁL	13
ASÍ OG UMRÆÐA UM STARF NÆTURKLÚBBA	13
MÁLEFNI ÚTLENDINGA	13
HÚSNÆÐISMÁL	14
MENNTAMÁL	14
<i>MÁLEFNI TÆKNISKÓLA ÍSLANDS</i>	15
<i>VIKA SÍMENNTUNAR</i>	15
<i>EINKAVÆÐING GRUNNSKÓLA</i>	15
LÍFEYRIS- OG TRYGGINGAMÁL LAUNAFÓLKS	15
VINNUVERND	16
<i>ENDURSKOÐUN VINNUVERNDARLAGANNA</i>	16
<i>REGLUGERÐ UM RÉTTINDI ÞUNGAÐRA KVENNA</i>	16
ATVINNUMÁL	16
<i>ATVINNUMÁL Á LANDSBYGGÐINNI</i>	17
<i>FRAMTÍÐ SKIPIÐNAÐAR STEFNT Í VODA</i>	17
FRAMKVÆMD EES-SAMNINGINS	17
<i>SAMRÁÐSNEFND FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTISINS VEGNA EES</i>	17
ERLEND SAMSKIPTI	19
<i>NFS</i>	19
<i>ETUC</i>	19
<i>NETLEX</i>	20
<i>RÁÐGJAFARNEFND EFTA</i>	20
<i>ALÞJÓÐA VINNUMÁLASTOFNUNIN (ILO)</i>	20
<i>SAMAK</i>	21
<i>STARF ALÞJÓÐANEFNDAR ASÍ</i>	21
SKIPULAGSMÁL OG LAGABREYTINGAR	21
<i>VIÐRÆÐUR VIÐ BSRB</i>	22
STARFSEMI OG SKIPULAG Á SKRIFSTOFU ASÍ	22
<i>SKIPULAG SKRIFSTOFU ASÍ Í ENDURSKOÐUN</i>	22
<i>HÚSNÆÐISMÁL ASÍ</i>	23
<i>ÚTBREIÐSLU- OG KYNNINGARMÁL</i>	23
UMSAGNIR UM ÞINGMÁL	23
NEFNDIR OG RÁÐ	24
<i>FASTANEFNDIR INNAN ASÍ</i>	24
<i>FULLTRÚAR ALÞYÐUSAMBANDS ÍSLANDS Í NEFNDUM, RÁÐUM OG Á FUNDUM</i>	24
MENNINGAR- OG FRÆÐSLUSAMBAND ALÞYÐU	25
<i>FRÆÐSLUSTARF MFA</i>	26
<i>FÉLAGSMÁLASKÓLI ALÞYÐU</i>	26
<i>MÍMIR-TÓMSTUNDASKÓLINN</i>	26
<i>ERLENT SAMSTARF Á VEGUM MFA</i>	26
LISTASAFN ASÍ	27
FUNDIR OG FUNDASÓKN MIÐSTJÓRNARMANNA	27
REIKNINGAR ASÍ, MFA OG STOFNANA	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.

INNGANGUR

Sú skýrsla sem hér liggur fyrir er aðeins áfanga-skýrsla yfir störf Alþýðusambands Íslands frá 39. þingi ASÍ 13. til 17. nóvember síðastliðinn. Áfanga-skýrslan er ekki eins yfirgripsmikil og skýrslur forseta eru að jafnaði enda gert ráð fyrir því að fyrir ársfund 2002 verði tímabilinu í heild gerð ítarleg skil í skýrsluformi. Þetta er eðlilegt bæði í ljósi þess að aðeins eru liðnir rúmir sex mánuðir frá þingi og einnig vegna þess við erum nú að ganga í gegnum miklar breytingar þar sem ársfundir taka við af þingum. Um leið erum við að skoða starfsemi ASÍ gagnrýnum augum og móta okkur verklag sem svarar kröfum tímans um skilvirkni, sveigjanleika og skarpari ímynd verkalyðshreyfingarinnar.

Þótt stutt sé liðið frá síðasta ársfundi hefur sá tími verið ærið viðburðaríkur og þessi litla áfangaskýrsla endurspeglar enn og aftur hve margbreytileg og brýn viðfangsefni Alþýðusambands Íslands eru að jafnaði. Hér verður aðeins vikið örfáum orðum að nokkrum þáttum.

Síðasta þingi ASÍ var rétt nýlukið þegar stjórnvöld boðuðu hertar skattaálögur á launafólk með því að heimila sveitarfélögunum að hækka útsvar án þess að séð væri að lækka ætti aðrar álögur á móti. Þessu mótmælti Alþýðusambandið kröftuglega og miðstjórn ASÍ varaði við því að með þessu væri verið að grafa undan markmiðum kjarasamninga. Vinna sameiginlegrar nefndar ASÍ og SA sem leggja skyldi mat á það hvort forsendur samninganna stæðust í samræmi við tryggingarákvæði þeirra, var að hefjast. Í ljósi þeirrar þróunar sem hafði átt sér stað í samningum við aðra hópa var lögð áhersla á það af hálfu ASÍ að skoða vandlega hvort svigrúmið til kjarabóta hafi verið vanmetið og hvernig mætti bæta launafólki á almennum vinnumarkaði upp það vanmat. Í ársbyrjun 2001 var boðað til kjaramálaráðstefnu formanna aðildarfélaga og –sambanda ASÍ. Niðurstaða ráðstefnunnar var að kjara- og skattanefnd ASÍ skyldi starfa með fulltrúum ASÍ í matsnefndinni og að áður en nefndin skilaði álitinu skyldi hópur fulltrúa helstu samningsaðila innan ASÍ koma saman til að leggja mat á málið í heild. Þessi mikla vinna skilaði svo þeim árangri að sátt náðist um niðurstöðu matsnefndarinnar og að bætt var í launalið kjarasamninganna hækkunum á desember- og orlofsuppbótum. Eftir viðræður við stjórnvöld gaf ríkisstjórnin einnig út yfirlýsingu þess efnis að skatt- hlutfallið skyldi lækkað frá áramótum 2002 þannig að skattleysismörk fylgdu launaþróun, að skoða skyldi kosti og galla fjölbreytt skattkerfis í samvinnu við verkalyðshreyfinguna og að stutt yrði við virkt verðlagseftirlit ASÍ. Það var almennt mat manna að tryggingarákvæði kjarasamninganna hefðu sannað gildi sitt en jafnframt komu fram áhyggjur af því að reynt gæti á verðbólguákvæði samninganna að ári.

Alþýðusambandið hefur á tímabilinu ítrekað varað stjórnvöld við því ofpensluástandi sem ríkt hefur í hagkerfinu. Hættan er sú að verðbólga vaxi, skuldir heimilanna vaxi og um leið dragi úr kaupmætti fólks. Lendingin að loknu góðærisfluginu yrði því mjög harkaleg fyrir fjölda heimila. ASÍ hefur því lagt þunga áherslu á ábyrgð allra aðila á áframhaldandi stöðugleika. Ábyrgðarleysi á borð við það víðtæka

verðsamráð söluaðila grænmetis og ávaxta sem fram kom í frægri skýrslu Samkeppnisstofnunnar er óásættanlegt að mati ASÍ enda brást miðstjórn hart við og sagði m.a. í ályktun 4. apríl sl.: „Þá gerir Alþýðusamband Íslands kröfu til þess að það kerfi innflutningshafta og ofurtolla á ávexti og grænmeti verði endurskoðað frá grunni með hagsmuni neytenda og framtíðarhag framleiðenda að leiðarljósi. Alþýðusamband Íslands gerir kröfu til þess að koma að þeirri vinnu til að verja hagsmuni sinna umbjóðenda og markmið þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið á vettvangi aðildarsamtaka þess.“ ASÍ á fulltrúa í þeirri nefnd sem nú er að endurskoða umrætt kerfi og þar höfum við krafist tafarlausra viðbragða til að lækka verð. Að kröfu ASÍ var fyrirhuguðum tollahækkunum frestað og á Alþingi var samþykkt frumvarp sem heimilaði ráðherra að lækka eða fella alveg niður verð- og magntolla á ákveðnum grænmetistegundum sem ekki eru framleiddar hér á landi. Þeirri leiðbeiningu til ráðherra var bætt við í meðförum þingsins að ætlast væri til þess að heimildir yrðu nýttar að fullu.

Þegar miklar hækkanir á bensini og nokkrum öðrum vörutegundum voru tilkynntar í byrjun þessa mánaðar brást ASÍ enn við og í yfirlýsingu frá forsetum og Hagdeild ASÍ segir m.a.: „Hækkunin á eldsneytisverði undanfarna daga og aðrar verðhækkanir ryra kjör heimilanna í landinu og gefa til efni til aukins aðhalds og ábyrgðar í verðlagsmálum. Láti innflutningsaðilar tímabundna gengisþróun velta beint út í verðlagið mun það hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir íslenskt efnahagslíf í heild. Margt bendir til þess að sambandið milli gengisþróunar og verðlags sé ekki alveg svo einfalt. Alþýðusamband Íslands hefur ítrekað bent á það áður að þegar gengi krónunnar styrktist mjög á síðasta ári skilaði það sér ekki beint í lækkandi verðlagi. Söluáðilar virðast þannig hafa haldið gengishagnaðinum og þegar við bætast umræður undanfarna vikna um álagningu í smásöluverslun hér á landi má ætla að aðilar hafi svigrúm til að axla sinn hluta ábyrgðarinnar á því að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum.“ Alþýðusambandið ítrekar varnaðarorð sín um sameiginlega ábyrgð allra aðila í því að tryggja lífskjör heimilanna í landinu því þau eru jú undirstaða samfélagsins.

Alþýðusambandið fylgdi eftir samþykktum síðasta þings með því að hafa frumkvæði að þjóðarumræðu um framtíð velferðarkerfisins. Upphaf hennar var glæsileg ráðstefna í mars sl. þar sem færustu fræðimenn á sviði velferðar- og lífeyrismála drógu fram kosti og galla hinna ýmsu leiða. Fram kom að þau velferðarkerfi sem best hafa reynst til að útrýma fátækt og misrétti, stuðla að tekjujöfnun og skapa um leið sátt og samstöðu meðal allra þjóðfélagshópa eru þau víðtæku velferðarkerfi sem ná til sem flestra. Þannig velferðarkerfi hafa m.a. verið byggð upp á hinum Norðurlöndunum og reynslan sýnir að þau skila árangri. Hér á landi höfum við því miður verið að stefna í aðra átt og nálgast það sem kallað hefur verið „fátæktarleiðin“. Þessi umræða vakti mikla athygli og miðstjórn ASÍ fylgdi henni eftir með minnisblaði sem hefur verið leiðsögn velferðarnefndar ASÍ í áframhaldandi vinnu. ASÍ ákvað að

helga 1. maí að þessu sinni baráttunni fyrir „velferð fyrir alla“ og hélt þar með kastljósi þjóðfélagsins að þessu bryna verkefni. Hér á þessum ársfundi verður svo varpað fram hugmyndum velferðarnefndar ASÍ til frekari umræðu og úrvinnslu. Markmiðið er vitaskuld almenn samstaða um velferð fyrir alla.

Frumkvæði Alþýðusambandsins í jafnréttis- og fjölskyldumálum hefur verið fylgt ötullega eftir. Mikil vinna var lögð í að kynna þær réttarbætur sem launafólk fékk með nýjum jafnréttislögum og lögum um fæðingar- og foreldraorlof, m.a. með útgáfu vandaðs kynningarefnis og fundum víða um land. Jafnréttis- og fjölskyldunefnd ASÍ hefur að undanförnu fjallað um þátt verkalýðshreyfingarinnar í mótun fjölskylduvænnar starfsmannastefnu og hvernig best sé hægt að samræma atvinnu og fjölskyldulíf. Nefndin er líka að vinna að því að alþjóðlegur baráttudagur kvenna, 8. mars, öðlist þann sess hér á landi sem honum ber. 8. mars sl. var kastljósinu mjög beint að stöðu þeirra kvenna og barna sem eru verslunarvara í kynlífsiðnaði Vesturlanda. ASÍ vakti athygli þjóðarinnar og ráðamanna á þessu óhugnanlega vandamáli í ítarlegu bréfi til félagsmálaráðherra, þar sem sambandið tilkynnti m.a. að það sæi sér ekki fært að veita umsagnir um atvinnuleyfi dansara á næturklúbbum fyrr en stjórnvöld hefðu svarað nokkrum grundvallarspurningum um eðli þeirra starfa sem þau hafa ákveðið að heimila og um aðstæður starfsmannanna. Þá vill ASÍ að því sé svarað hvaða áhrif það hafi á stöðu kvenna almennt að konur skuli gerðar að verslunarvöru. Erindi ASÍ varð kveikjan að mikilli umræðu sem enn er í fullum gangi.

Sífelld meiri vinna er lögð í menntamálin af hálfu verkalýðshreyfingarinnar. Miklar breytingar eru að verða á starfsmenntamálum, ekki síst í kjölfar síðustu kjarasamninga þar sem stofnaðir voru nýir starfsmenntasjóðir. Menningar- og fræðslusamband alþýðu hefur verið að efla bæði félagsmálafræðsluna og starfsmenntaþáttinn. Fyrir þessum ársfundi liggur tillaga um vinnu við að auka samvinnu ASÍ og MFA og skilgreina enn betur markmið og leiðir í fræðslustarfinu til að efla það og styrkja.

Alþjóðleg samskipti verða einnig stöðugt mikilvægari í starfi verkalýðshreyfingarinnar. Þau eru í raun orðin sjálfsgöður hluti af öllu starfi ASÍ. Sú staðreynd endurspeglast m.a. í þeirri tillögu að reglugerð fyrir skrifstofu ASÍ sem hér liggur fyrir. Þar er gert ráð fyrir því að í stað þess að hafa sérstaka alþjóðadeild þá verður skipurit skrifstofunnar um leið skipurit fyrir alþjóðamálin í heild. Allt þetta starf tengist alþjóðamálum með einum eða öðrum hætti.

Þetta er aðeins eðlileg þróun í þá átt að sveigja skipulag og starfshætti ASÍ að kröfum nútímans. Við höfum varið miklum tíma og mikilli orku í skipulagsmálin á undanförnum árum. Samhliða vinnu við innra skipulag ASÍ höfum við átt fundi með forystu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um samskipti þessara sambanda og framtíðarsýn. Stefnt er að gerð sameiginlegrar viljayfirlýsingar um samstarf og formlegar viðræður um félagsaðildarmál. Slík samvinna og sátt gæti skipt sköpum fyrir framtíðarþróun verkalýðshreyfingarinnar í heild hér á landi.

Verkalýðshreyfingin gegnir mjög mikilvægu og vaxandi hlutverki. Það ætti að vera ljóst af lestri þeirrar áfangaskýrslu sem hér liggur frammi og af þeirri óruttu samantekt helstu atriða sem ég hef farið yfir. Mörgu hefur þó verið sleppt. Það er ekki að ástæðulausu sem réttindi launafólks og stéttarféлага eru sérstaklega varin sem grundvallarmannréttindi í alþjóðlegum sáttmálum. Það er ekki að ástæðulausu sem það er eitt fyrsta verk allra einræðisstjórna að knésetja eða leggja undir sig verkalýðshreyfinguna. Það er ekki að ástæðulausu sem starfsemi frjálsra verkalýðsfélaga er talið eitt af öruggustu merkjunum um raunverulegt lýðræði í viðkomandi landi. Því miður er það svo að víða um heim eru þessi réttindi ekki sjálfsgöð. Fólk býr við kúgun sem við hér á Íslandi eigum erfitt með að ímynda okkur. Félagar í stéttarfélögum sæta sums staðar ofsóknum og eru jafnvel pyntaðir eða myrtir fyrir baráttu sína. Okkur sem búum við tiltölulega mikið öryggi í lýðræðisríkjum Vesturlanda ber að umgangast þessi grundvallarréttindi af fyllstu virðingu og varkárni. Mannréttindabrot eða brot gegn grundvallarréttindum launafólks á borð við réttinn til að semja sameiginlega eru alvarleg skilaboð til allra þeirra sem umgangast slík réttindi af virðingarleysi fyrir einstaklingunum.

Ég nefni þetta hér því lagasetning um skerðingu á þessum grundvallarréttindum, á borð við nýsamþykkt lög á sjómenn, eru grafalvarlegt mál sem snertir allt launafólk á Íslandi og mun víðar. Það neyðarástand sem réttlætir jafn alvarlega aðgerð og ótímabundið afnám slíkra réttinda hér á landi hlýtur að vera óleysanlegt með öðrum hætti enda verið að setja fordæmi, ekki bara gagnvart öðru launafólki hér á landi heldur líka fyrir stjórnvöld í Myanmar, Kína og Kolumbíu.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands reyndi fram á síðustu stundu að afstýra lögnum á sjómenn og samþykkti m.a. ályktun daginn sem lögin voru sett. Þar segir m.a.: „Lagasetning og gerðardómur um kaup og kjör sjómanna, sérstaklega þeirra sem ekki hafa boðað verkfall eða hafa þegar aflýst aðgerðum, væri brot gegn Stjórnarskrá Íslands, samþykktum Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar og Mannréttinda-sáttmála Evrópu. Íslensk stjórnvöld hafa áður verið áminnt vegna brota gegn samþykktum Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar og myndu hljóta mikinn álitshnekki á alþjóðavettvangi endurtæki slíkt sig nú. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands, mótmælir harðlega þeim afskiptum sem ríkisstjórn og Alþingi hefur haft af yfirstandandi kjaradeilu og lögmætum aðgerðum sjómanna og mun ekki láta slíkt yfir íslenskt launafólk ganga án þess að gripa til aðgerða.“ Nú þegar er í undirbúningi málshöfðun gegn íslenskum stjórnvöldum bæði fyrir íslenskum dómstólum og hjá Alþjóðavinnnumálastofnuninni.

Við stöndum á þroskuldi nýrrar aldar og í miðjum ólgusjó breytinga, bæði á skipulagi og starfsháttum samtaka okkar og öllu starfsumhverfinu. Staða heildarsamtaka íslensks launafólks og allra stéttarféлага í landinu mun fyrst og fremst ráðast af samstöðu okkar og því öfluga starfi og stefnumótun sem við munum skila í krafti hennar.

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ

39. ÞING ASÍ

39. þing Alþýðusambands Íslands var haldið 13. til 17. nóvember 2000 í íþróttahúsinu Digranesi, Kópavogi. Á þinginu voru m.a. samþykktar róttækar breytingar á lögum og starfsháttum ASÍ. Ein veigamesta breytingin er sú að í stað þinga á fjögurra ára fresti koma ársfundir. Í þingtíðindum 39. þings ASÍ, sem lögð eru fyrir ársfund ASÍ 2001, er greint ítarlega frá störfum þingsins, samþykktum og lagabreytingum.

FORSENDUR KJARASAMNINGA

Skattahækkun í desember 2000 – samningum ógnað

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í sambandi við gerð kjarasamninga frá 10 mars 2000 var því lofað að skattleysismörk fylgdu launaþróun á samningstímanum. Var sú breyting lögfest sama vor. Í nóvember 2000 var síðan lagt fram á Alþingi frumvarp frá ríkisstjórninni þar sem lagðar voru til breytingar á hámarksheimild sveitarfélaga til útsvarsálagninga án þess að ríkið lækkaði tekjuskattshlutfall sitt á móti. Heimild sveitarfélaga til útsvarsálagninga var hækkuð um 0,66 prósentustig. Á móti lækkaði ríkið tekjuskattsprósentuna en aðeins um 0,33 prósentustig. Árið 2002 verður heimild sveitarfélaga til útsvarsálagninga enn hækkuð um 0,33 prósentustig. Nettóáhrif árið 2001 eru samtals 0,33 prósentustiga hækkun tekjuskattshlutfalls. Þetta hefur í för með sér að skattleysismörk fylgdu ekki umsaminni launaþróun eins og lofað var þar sem breyting á persónuafslætti sem hafði verið lögfest í apríl 2000 miðaði við 0,33% lægra skattshlutfall 2001.

ASÍ brást hart við þessari fyrirætlun ríkisstjórnarinnar. Boðað var til blaðamannafundar þar sem kynnt var minnisblað Hagdeildar ASÍ. Þar segir m.a.:

„Verði fyrirætlunir stjórnvalda í útsvars- og skattamálum að veruleika þyngist skattbyrði launafólks strax á næsta ári og markmið kjarasamninga á almennum vinnumarkaði fjarlægjast. Sem dæmi um afleiðingar fyrirhugaðra breytinga má nefna að árið 2003 hyrfi rétt tæplega fjórðungur af almennum launahækkunum þess árs í skattahækkunina eina. Verði ekki gripið til annarra ráðstafana munu skattleysismörk einnig lækka að raungildi í stað þess að fylgja almennri launaþróun eins og ríkisstjórnin hét í yfirlýsingu sinni 10. mars sl. í tengslum við kjarasamninga.“

Fulltrúar ASÍ héldu einnig á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis til að koma á framfæri mótmælum og fara yfir afleiðingar skattahækkunarinnar.

Allt kom fyrir ekki og ljóst að málið yrði tekið upp við stjórnvöld í tengslum við mat á forsendum kjarasamninganna í febrúar 2001. Undirbúningur að matinu hófst snemma og var vel vandað til þess.

Formannaráðstefna ASÍ í janúar 2001

Þann 23 janúar 2001 var haldin ráðstefna formanna aðildarfélaga og -sambanda Alþýðusambands Íslands vegna mats sameiginlegrar nefndar ASÍ og SA á forsendum kjarasamninga í febrúar 2001. Markmiðið var að fara sameiginlega yfir forsendur samninganna, tryggingarákvæðin. Á ráðstefnunni var eftirfarandi samþykkt:

„Formannaráðstefna Alþýðusambands Íslands telur mikilvægt að aðildarfélög og –sambönd ASÍ hafi samráð og samstarf um mat á forsendum kjarasamninganna sem samkvæmt tryggingarákvæði þeirra skal fara fram í fyrsta sinn í febrúar 2001.“

Formannaráðstefnan leggur áherslu á að kjara- og skattanefnd ASÍ vinni náið með fulltrúum aðildarfélaga og sambanda innan ASÍ í þeirri nefnd sem á að fara yfir forsendur kjarasamninganna, til að tryggja að miðstjórn og sambönd ASÍ geti fylgst með framvindu mála á meðan á starfi nefndarinnar stendur og tekið ákvarðanir um framhaldið.

Formannaráðstefnan beinir því til Alþýðusambandsins að kallaður verði saman samráðsfundur fulltrúa samningsaðila innan ASÍ með fulltrúum þeirra í nefndinni um mat á kjarasamningunum og kjara- og skattanefnd ASÍ, þar sem farið verði yfir niðurstöður matsins og þá kosti sem eru í stöðunni. Markmið slíks samráðs er að samræma viðbrögð við niðurstöðum matsins og þeim kostum sem aðildarsamtök ASÍ standa frammi fyrir.“

Með fulltrúum ASÍ í nefndinni, þeim Ara Skúlasyni og Rannveigu Sigurðardóttur, unnu fulltrúar úr Kjara- og skattanefnd ASÍ og fulltrúar þeirra landssambanda og félaga sem höfðu beina tilvísun í uppsagnarákvæði kjarasamninga sem gerðir voru 2000. Þeir sem höfðu beina tilvísun gátu tekið ákvörðun um uppsögn samninga væru þau ekki sátt við niðurstöðu nefndar ASÍ og SA. Þeir aðilar sem höfðu beina tilvísun í tryggingarákvæðið voru Flóabandalagið, Starfsgreinasambandið og Samiðn – sambands iðnfélaga. Að þeirri vinnu komu einnig framkvæmdastjórn SGS og samninganefnd Samiðnar.

Niðurstaða nefndar ASÍ og SA í mars 2001

Farið var yfir mat nefndarinnar og þær forsendur sem lágu til grundvallar í þessum hópi. Það var sameiginlegt mat þessara aðila að tryggingarákvæði kjarasamninganna hafi sannað gildi sitt, bæði fyrir almennt launafólk og efnahagslífið í heild. Niðurstaða nefndarinnar við endurskoðunina árið 2001 var sú að markmiðið um lækkun verðbólgu hafi náðst og að launafólki beri sérstakar hækkunir á kaupliðum samninganna vegna ýmissa vafaatriða um launakostnaðaráhrif annarra kjarasamninga. Það var sameiginlegt mat aðila sem að vinnunni komu að með því samkomulagi sem náðist hefði tekist að forða því að til uppsagnar samninga eða deilna um réttmæti uppsagnar kæmi með tilheyrandi óvissu fyrir launafólk og efnahagslífið í heild.

Önnur af tveimur meginforsendum kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2001 var að verðbólga færi minnkandi og þannig treystur grundvöllur kaupmáttar launafólks. Launafólk á mikið undir því að stöðugleikinn haldist og nægir að benda á áhrif aukinnar verðbólgu á greiðslubyrði heimilanna því til staðfestingar. Í mati nefndarinnar kemur fram að markmiðið um minni verðbólgu hefur náðst enda minnkaði hún úr 5,6% niður í 4,1%. En í mati nefndarinnar er einnig varað við þeim teiknum sem nú eru á lofti um að verðbólga geti farið vaxandi á ný.

Hin meginforsenda kjarasamninganna á almennum vinnumarkaði var að sú launastefna sem þar var mótuð um sérstaka hækkun lægstu launa og launakostnað yrði ríkjandi. Reyndist svigrúm til launahækkana meira skv. síðari samningum en gert var ráð fyrir við gerð kjarasamninganna á almennum vinnumarkaði var hægt að ákveða hækkun kaupliða eða segja samningum lausum. Samkvæmt mati nefndarinnar voru samningar á samningssviði Samtaka atvinnulífsins innan ramma en tvísýnna með samninga við opinbera aðila. Þá er einnig álitamál hvernig farið er með afleiddan kostnað á borð við hækkun á lífeyrisskuldbindingum. Í stað þess að stefna í átök vegna mats á þessum atriðum varð það að samkomulagi að hækka launaliði í gildandi kjarasamningi. Það er gert með hækkun desemberuppbótar og orlofsuppbótar launafólks.

Niðurstaða nefndar ASÍ og SA um samningsforsendur var birt 6. mars 2001 og send aðildarfélögum ASÍ.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar – Skattamál og verðlagsmál

Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga 2001 átti forseti ASÍ fund með forsætisráðherra um hugsanlega aðkomu ríkisstjórnarinnar. Þann 13. mars kom yfirlýsing frá ríkisstjórninni þar sem hún lýsti sig reiðubúna til að lækka skatthlutfallið frá og með áramótunum 2002. Það hefði í för með sér að skattleysismörkin hækkuðu í takt við umsamda launaþróun frá og með þeim áramótum svo framarlega sem sveitarfélögin hækkuðu ekki útsvarið á móti. Einnig var ákveðið að setja niður nefnd sem í ættu sæti fulltrúar ASÍ, fjármálaráðuneytis og Þjóðhagsstofnunar til að skoða kosti og galla fjölþrepa skattkerfis og hvernig vinna ætti viðmiðunarneyslustaðla fyrir mismunandi fjölskyldur. Þá lofaði ríkisstjórnin 3,5 milljónum á ári út samningstímamann sem stuðning við virkt verðlagseftirlit en ASÍ hafði farið fram á að fjármagn kæmi til ASÍ til að halda uppi verðlagseftirliti þar sem það var talið nauðsynlegt til að tryggja að ekki reyni á verbólgu markmið tryggingarákvæðis það sem eftir er samningstímans.

Í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um lækkingu skatthlutfalls fór ASÍ á fund Sambands íslenskra sveitarfélaga til að ræða áætlanir sveitarfélaga varðandi hækkun útsvars um næstu áramót.

LÖG SETT Á SJÓMENN

Alþingi batt enda á kjaradeilu sjómanna og útgerðamanna með lögum sem svipta sjómenn ótímabundið samningsrétti um kaup sín og kjör. Kjör þeirra skulu ákvörðuð af stjórnarsýslunefnd og er óheimilt að semja um önnur kjör en nefndin ákveður. Lögin voru sett 16. maí og taka til allra sjómanna annarra en vélstjóra, þrátt fyrir að Sjómannasambandið hafi aflýst verkfalli og sum félög raunar aldrei boðað verkfall. Alþýðusamband Íslands mótmælti lagasetningunni harðlega og hefur þegar hafið undirbúning að því að kæra þessi brot gegn stjórnarskrárvörðum réttindum sjómanna, gegn vinnulöggjöfinni, Mannréttindasáttmála Evrópu og samþykktum Alþjóða vinnumálastofnunarinnar (ILO) til dómstóla hér innanlands og til ILO.

Sjómenn boðuðu verkfall um miðjan mars eftir að hafa átt í árangurslausum kjaraviðræðum með lausa samninga í rúmlega ár. Meðal þess sem reynt hafði verið var að bjóða útgerðarmönnum skammtímasamning til að komast hjá verkfalli. Stjórnvöld gripu inn í kjaradeiluna með lagasetningu eftir aðeins fjóra daga og frestuðu verkfalli fram í byrjun apríl. Miðstjórn ASÍ mótmælti þessari lagasetningu og almennt var talið að þetta inngrip hafi torvelað mjög lausn mála.

Verkfall hófst aftur 1. apríl og voru sjómenn þokkalega bjartsýnir á að samkomulag væri í sjónmáli. En 19. apríl lögðu útgerðarmenn fram tilboð sem að mati sjómanna fól í sér verulega afturför í verðmyndunarmálunum. Í sameiginlegri yfirlýsingu samtaka sjómanna vegna þessa sagði m.a.:

„Eftir að sjómenn hafa verið með lausa samninga í 15 mánuði og leitað allra leiða til að koma á kjarasamningi ákváðu útgerðarmenn í gær að slíta í reynd samningaviðræðunum með því að leggja fram „tilboð“ sem felur í sér að verðmyndunarmálin, sjálfur kjarni deilunnar, yrðu í mun verri stöðu eftir en þau voru árið 1995 þegar reynt var að taka á þessum viðurkennda vanda. Tilboðið er fjarri því að koma málum í sama horf, hvað þá að bæta úr ástandi sem þótti óviðunandi þegar fyrir 6 árum. Slíkt tilboð er því ekkert annað en slit á samningaviðræðum af hálfu útgerðarmanna.“

Samningaviðræður hófust að nýju og enn þótti sjómönnum sem aðeins miðaði þótt hugsanleg lagasetning svífi yfir vötnunum í kjölfar útspils útgerðarmanna. Sá ótti sjómanna varð enn sterkari eftir að Vélstjórafélag Íslands gerði kjarasamning sem öðrum samtökum sjómanna fannst óásættanlegur.

Það var svo um miðjan maí sem stjórnvöld létu til skarar skriða og kynntu að sett yrðu lög á sjómenn. Sjómannasamband Íslands ákvað þá að aflýsa verkfallinu til að komast hjá lagasetningu. Önnur félög sjómanna, t.d. á Vestfjörðum, höfðu aldrei boðað verkfall en voru hins vegar þolendur verkbanns sem útgerðarmenn settu á til að svara verkfallsboðun sjómannasamtakanna.

Þrátt fyrir þetta setti Alþingi lög sem svipta öll samtök sjómanna, nema Vélstjórafélagið, réttinum til að semja um önnur kjör en þeim eru ákvörðuð af sérstakri stjórnarsýslunefnd, skipaðri af Hæstarétti. Alþýðusamband Íslands reyndi fram á síðustu stundu að afstýra þessu slysi. Miðstjórn sendi frá sér harðorða ályktun og forsetar ASÍ héldu niður á Alþingi til fundar við ráðherra og þingmenn til að gera þeim grein fyrir alvöru málsins.

En lögín voru samþykkt og í yfirlýsingu sem forsetar ASÍ sendu fjölmiðlum kemur fram að hafin sé undirbúningur að málsókn á hendur stjórnvöldum, bæði innanlands og utan. Í ályktun miðstjórnar vegna lagasetningarinnar segir:

„Vegna yfirvofandi lagasetningar Alþingis á kjaradeilu sjómanna og útgerðarmanna vill miðstjórn Alþýðusambands Íslands minna Alþingi Íslendinga á að réttur launafólks til að semja um kaup og kjör er varinn í Stjórnarskrá Íslands og lögum nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur. Alþingi Íslendinga og íslensk stjórnvöld eru einnig bundin af samþykktum Alþjóða vinnuálastofnunarinnar (ILO) nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess og nr. 98 um réttinn til þess að semja sameiginlega auk þess að vera bundið af 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þannig varinn telst kjarasamningsrétturinn og rétturinn til þess að beita lögumætum aðgerðum til þess að knýja á um kröfur í kjaradeilu til helgustu mannréttinda launafólks og verkalyðshreyfingar.

Lagasetning og gerðardómur um kaup og kjör sjómanna, sérstaklega þeirra sem ekki hafa boðað verkfall eða hafa þegar aflýst aðgerðum, væri brot gegn Stjórnarskrá Íslands, samþykktum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Íslensk stjórnvöld hafa áður verið áminnt vegna brota gegn samþykktum Alþjóða vinnuálastofnunarinnar og myndu hljóta mikinn álitshnekki á alþjóðavettvangi endurtæki slíkt sig nú.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands, mótmælir harðlega þeim afskiptum sem ríkisstjórn og Alþingi hefur haft af yfirstandandi kjaradeilu og lögumætum aðgerðum sjómanna og mun ekki láta slíkt yfir íslenskt launafolk ganga án þess að grípa til aðgerða.“

ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

Opensluástand hefur ríkt í hagkerfinu undanfarin misseri. Alvarlegustu afleiðingar openslunnar eru enn mikil verðbólga og mikill viðskiptahalli sem borinn hefur verið uppi af einkaneyslu. ASÍ hefur á undanförunum misserum ítrekað varað við að grípa þurfi í taumana svo ekki verði brotlending í hagkerfinu en því miður nýtti ríkisstjórnin sér ekki þau tæki sem hún hefur til hagstjórnartæki á meðan enn var hægt að grípa í taumana. Þar sem það tekur langan tíma fyrir flest hagstjórnartæki að hafa áhrif verður að grípa til þeirra áður en afleiðingar openslu koma í ljós. Sé gripið til aðgerða of seint getur það aðeins gert illt verra.

Við stöndum frammi fyrir því nú á vormánuðum að leikmennirnir í hagkerfinu, heimilín og fyrirtækin, virðast vera að leita lendingar með því að aðlaga sig afleiðingum openslunnar. Vonandi tekst að ná mjúkri lendingu eftir frjálst (en ekki frítt) flug upp á við í nokkur ár. ASÍ hefur ítrekað bent á að 5% hagvöxtur gengur ekki til lengdar. Þegar eftirspurn í hagkerfinu er meiri en framboð í lengri tíma, eins og hefur verið hér undanfarin ár, fer verðbólgan fyrr eða síðar af stað. Þegar fyrir 2 árum benti ASÍ á þau hættumerki sem þá voru sjáanleg í hagkerfinu; verðbólgu, viðskiptahalla, lítinn sparnað heimila og fyrirtækja og mikla útlána- aukningu útlánastofnana. Síðan þá hefur þróunin verið til verri vegar hvað alla þessa þætti varðar enda ekkert annað gert til að reyna að sporna við openslu en að Seðlabankinn hefur hækkað vexti.

Hagstjórn og vextir

Eina hagstjórnartækið sem beitt hefur verið til að reyna að sporna við openslu undanfarinna ára eru vaxta- hækkanir Seðlabankans. Seðlabankinn hækkaði vexti 8 sinnum á rúmlega 2ja ára tímabili fram í nóvember 2000 eða um 4,2 prósentustig. Markmið vaxtahækkana Seðlabankans er tvíþætt. Annars vegar að styrkja gengi íslensku krónunnar en hins vegar að reyna að draga úr eftirspurn í hagkerfinu með háum vöxtum. Seðlabankanum tókst lengi framan af að styrkja gengið með vaxtaákvörðunum sínum. Þannig hélst verðlag lægra en ef bankinn hefði ekkert aðhafst. En gengið verður aldrei sterkt til lengdar ef ekki eru efnahagslegar forsendur fyrir því. Strax á síðastliðnu sumri fór gengið að veikjast og hefur sú þróun haldið áfram.

Hitt markmið Seðlabankans með vaxtahækkunum var að reyna að hafa áhrif á umsvif í þjóðfélaginu með því að stuðla að hækkan vaxta og gera það dýrara fyrir fyrirtæki og einstaklinga að taka lán. Það tekur hins vegar nokkra mánuði og jafnvel ár að þeirra áhrifa fari að gæta. Reynsla undanfarinna missera bendir til að hér á landi dragi háir vextir ekki úr lántökum, hvorki heimila né fyrirtækja. Virðist sem það sé fyrst þegar fara á að greiða af lánunum sem lántakendurnir gera sér grein fyrir þeim kostnaði sem er af háum vöxtum.

Önnur afleiðing hárra vaxta hér innanlands er að vaxtamunur milli Íslands og annarra landa hefur verið mikill. Margt bendir til þess að það eitt og sér hafi ýtt undir lántöku fyrirtækja. Fyrirtækin hafa sjálf eða í gegnum bankana tekið erlend lán á mun lægri vöxtum en eru á lánnum hér innanlands. Virðist sem „útsölu- hugsunar“ hafi gætt að einhverju leyti við lántökuákvörðanir þeirra. Fyrirtæki virðast hafa tekið lán vegna þess hve ódyrt það var að taka erlend lán miðað við hvað það hefði kostað að taka þau innanlands. Þetta hefur eflaust haft sitt að segja.


Einnig virðist sem flestir sem tóku lán erlendis á undanförunum misserum, hafi gleymt að taka gengisáhættu inn í reiknisdæmið eða þá treyst því að Seðlabankinn mynda verja vikmörk gengisins hvað sem það kostaði. Seðlabankinn gaf ítrekað út yfirlýsingar um að hann ætlaði að verja vikmörkin. En flestir sem vilja vita, vita að það er ekki hægt til lengdar af efnahagslegar forsendur eru ekki fyrir hendi. Og það hefur smám saman verið að renna upp fyrir hinum svokallaða „markaði“ undanfarna mánuði. Hættan við svo mikla aukningu skulda heimila og fyrirtækja er að veð séu ekki nægilega traust. Þetta er sérstakt áhyggjuefni þegar verð á eignum hefur hækkað mikið vegna mikillar eftirspurnar eins og gerst hefur hér á landi undanfarin ár. Sam- keppni lánastofnana um markaðshlutdeild hefði heldur ekki getað komið á verri tíma, eða í miðri uppsveiflu, þegar hætta var á ofhitnun í hagkerfinu. Framboð á lánsfjármagni hefur verið mjög mikið og spyrja má hvort þau veð sem lánastofnanirnar tóku fyrir lánunum haldi sem skyldi ef mikið dregur úr umsvifum í þjóðfélaginu.

Við vitum að viðskiptahalli, útlánþensla og verðhækkun á eignum hafa tengst fjármálakreppu í öðrum löndum. ASÍ varaði við hættu á fjármálakreppu þegar fyrir 2 árum og benti á það sem gerðist á hinum Norðurlöndum þegar fjármagnsflutningar urðu frjálssir þar fyrir 10-15 árum. Í nýlegri Peningamálaskýrslu sinni varar Seðlabankinn nú einnig við þessu og segir „gengislækkun síðustu mánaða fela í sér áhættu fyrir stöðugleika fjármálakerfisins“ og að geta fjármálakerfisins til að standa af sér erfiðari aðstæður hafi minnkað vegna verri afkomu og lækkandi eignfjárhlutfalls.

Gengið

Nú er gengið ekki lengur fellt heldur ræðst það af framboði og eftirspurn á íslenskum krónum. Það verður þó að hafa í huga að íslenski gjaldeyrismarkaðurinn er ungur og að það eru fáir aðilar sem á honum eru. Fyrst og fremst eru það bankarnir þrír og Seðlabankinn sem koma þar að málum. Það eru því oft ekki margar krónur sem sveifla genginu né heldur liggja þar að baki ákvarðanir margra aðila.

Gengisvísitala íslensku krónunnar



Athugið að þegar gengisvísitalan hækkar veikt gengið og öfugt.

Í byrjun maí féll gengi íslensku krónunnar um 6% eins og sést á myndinni. Þetta er svipuð gengisfelling og varð í nóvember 1992. Á myndinni sést ekki 6% gengisfellingin í nóvember 1992 en áhrif 7,5% gengisfellingarinnar í júní 1993 sjást hins vegar greinilega.

Á myndinni sést að gengi krónunnar helst nokkuð stöðugt frá gengisfellingunni 1993 og fram til ársloka 1996. Þá tekur gengið að styrkjast og gerir það, með sveiflum þó, fram til um mitt ár 2000. Síðan gengið varð hæst í maí 2000 og þar til nú, hefur það fallið um 27%. Það er þó ekki rétt að bera saman þessar tvær öfgar. Sé skoðað hversu miklu lægra gengið er í dag en það hefur verið að meðaltali frá í desember 1992 kemur í ljós að það er tæplega 20% lægra en meðaltal árána. Það er mat Hagdeildar ASÍ að ekki séu efnahagslegar forsendur fyrir þessu lága gengi sem hefur verið í maí og að við eigum eftir að sjá það styrkjast, vonandi sem fyrst. Þess vegna er kannski raunhæfast, sé horft til framtíðar, að sleppa máimánuði úr samannburðinum. Þá kemur í ljós að gengið er 12,5% lægra en meðaltal árána sem til skoðunar eru. Einnig verður að hafa í huga að hluti af gengisfallinu 2. maí hefur þegar gengið til baka. Hagdeild ASÍ gerir ráð fyrir að gengið eigi enn eftir að styrkjast þar sem ekki séu efnahagslegar ástæður fyrir svona veiktu gengi. Því jafnvel þó eitthvað dragi úr umsvifum í efnahagslífinu þá er ekkert sem bendir til að ekki geti komist fljótt á aftur jafnvægi í íslenska hagkerfinu.

Hve hratt það gerist fer eftir því hvernig er við brugðist. Viðbrögð margra þeirra sem ákveða verð á vörum fyrstu vikuna eftir fall gengisins 2. maí voru þau að tryggja sig í bak og fyrir með því að hækka verð samstundis. Auglýsingar um að enn væru til vörur á gamla verðinu fór aftur að birtast. Og aðilar á fjármagnsmarkaði töluðu um að nú væri aftur komið í gang hið sjálfvirka samspil gengis og verðlags. Umræða um skattalækkanir á fyrirtæki og álversframkvæmdir fékk byr undir báða vængi. Og þess var krafist af Seðlabankanum að hann hækkaði vexti, lækkaði vexti eða héldi vöxtum óbreyttum.

ASÍ benti strax á að þróunin á síðasta ári benti til þess að samband milli gengisþróunar og verðlags væri ekki eins sjálfvirkt og margir vildu vera láta. Einnig var bent á að það væri allra hagur að verð hækkaði ekki meira en nauðsyn krefði, þar sem verðlagsþróun undangenginna mánaða verður metin við næstu endurskoðun kjarasamninga í febrúar 2001.

Hagdeild ASÍ telur mikilvægast að þegar ástandið verður eins og það varð fyrstu vikuna í maí, að menn haldi ró sinni en taki ekki ákvarðanir bara til að „gera eitthvað“.

Sem betur fer stóð Seðlabankinn af sé kröfur um vaxtabreytingu en markaðsaðilar höfðu krafist þess bæði að hann lækkaði og hækkaði stýrivexti sína. Með því að fara fram á hækkun vaxta vonast menn til að meira fjármagn komi inn í landið, fyrst og fremst vegna þess vaxtamunar sem verður milli Íslands og annarra landa. Þar sem gengi krónunnar ræðst af eftirspurn eftir íslenskum krónum ætti þetta að hafa í för með sér hækkun á gengi íslensku krónunnar. Lækkun vaxta á hinn bóginn getur haft í för með sér að efnahagslífið

taki aftur kipp, en í ljósi þess að áhrifa vaxtahækkana Seðlabankans fer ekki að gæta fyrr en hálfu til tveimur árum eftir að hún á sér stað var rétt af Seðlabankanum að biða og sjá hver þróunin yrði á næstu vikum.

Umræðan um fjárfestingar í álverum fór aftur af stað þegar gengið féll hratt í byrjun maí. Varhugavert er að taka einhverjar ákvarðanir í þannig ástandi. Viðræður um stækkun Norðurláls eru í ákveðnum farvegi og það sama á við um Reyðarál og um virkjanaframkvæmdir tengdar þessum framkvæmdum. Það eina sem stjórnvöld geta í raun gert varðandi þessar framkvæmdir nú er að koma með viljayfirlýsingar. Væntingar skipta að sjálfsgöðu máli og hefðu geta styrkt gengið, alla vega tímabundið. Það sem skiptir máli er að teknar séu ákvarðanir um framkvæmdir út frá því hversu hagkvæmar framkvæmdirnar eru, en ekki út frá því hvort það getur haft tímabundið áhrif til styrkingar krónunnar. Verði hins vegar niðurstaðan úr þessum álversviðræðum að ráðist verður í framkvæmdir þar sem það sé hagkvæmt, er ljóst að gengið mun styrkjast þar sem framkvæmdirnar hafa í för með sér innflæði fjármagns og þar með aukna eftirspurn eftir íslenskum krónum. Mestu skiptir að ákvarðanir séu teknar út frá hagkvæmni, því fjármagn, sem notað er til fjárfestinga á einum stað, verður ekki einnig notað á öðrum stöðum.

Að lokum má geta þess að með lækkingun krónunnar styrkist samkeppnisstaða útflutningsatvinnugreinanna. Jafnframt má gera ráð fyrir að verulega dragi úr innflutningi (og þar með viðskiptahalla) þegar innfluttu vörurnar kosta fleiri krónur.

Viðskiptahallinn er enn alvarlegt vandamál


Viðskiptahalli heldur áfram að aukast og áætlað þjóðhagsstofnun að hann verði 10,1% í ár. Gangi það eftir hefur viðskiptahallinn að meðaltali verið 8,5% af landsframleiðslu síðastliðin 4 ár. Erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa aukist úr 66% af landsframleiðslu í 109% á milli árána 1997 og 2000. Oftast áður þegar erlendar skuldir hafa verið að aukast hefur hið opinbera átt stóran hlut að máli. Nú eru það fyrst og fremst einkaaðilar eins og bankarnir, heimilín og aðrir einkaaðilar sem eiga þátt í erlendri skuldaaukningu þjóðarinnar. En til að fjármagna viðskiptahalla verður að koma fjármagn inn í landið. Ekki hefur skort á það undanfarin ár. Nettófjármagnsinnstreymi hefur og aukist gífurlega enda er skuldahlutfall fyrirtækja orðið mjög hátt. Fjármagnskostnaður þessara fyrirtækja hefur því verið að aukast mikið á undanförunum mánuðum vegna þess að afborganir af erlendum lánum þyngjast þegar gengið lækkar. Nú er því svo komið að dregið hefur úr erlendri lántöku. Þetta bitur síðan í skottið á sér þar sem samdráttur í erlendri lántöku dregur úr eftirspurn eftir íslenskum krónum og veikir þannig krónuna og afborganir af erlendum lánum þyngjast þá enn frekar.

Tvennt gæti breytt þessari spá um viðskiptahalla á næsta ári. Annars vegar að það dragi hratt úr hagvexti en þá má gera ráð fyrir því að innflutningur og þar með viðskiptahalli verði minni en spáð er. Gengislækkun íslensku krónunnar ætti einnig að hafa þau áhrif að draga úr innflutningi. Einnig gæti útflutningur vaxið að magni eða verðmæti, sem væri betri lausn á viðskiptahallanum, en því miður ekki líkleg enn sem komið er.

Verðlag

ASÍ hefur áður bent á að hærra gengi íslensku krónunnar skilaði sér ekki inn í verðlagið á vormánuðum árið 2000. Hins vegar skilaði veikara gegni sér heldur ekki í hærra verðlagi á haustmánuðum. Virðist því sem fyrirtækin hafi ekki alfarið miðað við gengið á síðasta ári þegar þau voru að reikna út verð á vörum sínum enda mikil umframefitirspurn hér innanlands. Það er hins vegar ljóst að eins mikil gengislækkun og hefur verið það sem af er árinu, ásamt verri afkomu fyrirtækjanna, hlýtur fyrr eða síðar að koma fram í verðlagi. Í verðmælingum Hagstofunnar í apríl og maí sjást greinilega áhrif lægra gengis í vísitölunni. En það skýrir ekki allt. Í fyrsta lagi hefur verið umtalsvert launaskrið og kemur það fyrst og fremst fram í hækkun þjónustuliða vísitölunnar. Einnig virðist sem álagning hafi verið að aukast á ýmsar vörur þar sem hækkun hefur verið meiri í verslunum en frá heildsölu.

12 mánaða % breyting vísitölu neysluverðs frá janúar 1997



Heimild: Hagstofa Íslands

Myndin sýnir verðbólguþróunina frá janúar 1997 og fram í maí 2001. Sést þar greinilega að verðbólga undanfarna 2 mánuði er að nálgast það sem hún var við gerð síðustu kjarasamninga vorið 2000.

Á næstu mánuðum kemur í ljós hvort verðbólga nær að hjaðna hér á landi og forsendur kjarasamninga um verðlag standist eða hvort reyni á tryggingarákvæði í febrúar 2002 vegna verðbólguþróunar.

Það eru einkum tveir þættir sem líklegir eru til að hafa afgerandi áhrif á þróun verðbólgunnar á næstu mánuðum. Annars vegar er það þróun gengis íslensku krónunnar sem skiptir máli og í hve miklu mæli það skilar sér inn í verðlagið. Hins vegar mun samdráttur í eftirspurn vinnu gegn verðhækkunum á næstu mánuðum að mati Hagdeildar ASÍ. Þess vegna skiptir máli að þeir sem ákvarða verð velti ekki gengisáhrifunum út í verðlagið að óhugsuðu máli. Á þetta var lögð áhersla í yfirlýsingu forseta og Hagdeildar ASÍ 4 maí 2001:

„Hækkunin á eldsneytisverði undanfarna daga og aðrar verðhækkunar rýra kjör heimilanna í landinu og gefa tilefni til aukins aðhalds og ábyrgðar í verðlagsmálum. Láti innflutningsaðilar tímabundna gengisþróun velta beint út í verðlagið mun það hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir íslenskt efnahagslíf í heild.

Margt bendir til þess að sambandið milli gengisþróunar og verðlags sé ekki alveg svo einfalt. Alþýðusamband Íslands hefur ítrekað bent á það áður að þegar gengi krónunnar styrktist mjög á síðasta ári skilaði það sér ekki beint í lækkandi verðlagi. Söluaðilar virðast þannig hafa haldið gengishagnaðinum og þegar við bætast umræður undanfarinna vikna um álagningu í smásöluverslun hér á landi má ætla að aðilar hafi svigrúm til að axla sinn hluta ábyrgðarinnar á því að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum. [...]

Að lokum vill Alþýðusamband Íslands minna á að kjarasamningar þorra launafólks á almenna vinnumarkaðnum, hvíla á þeirri forsendu að verðbólga fari lækkandi. Náist verðbólgu markmiðin ekki verða launaliðir kjarasamninganna uppsegjanlegir. Það hlýtur að vera öllum í hag, einnig þeim sem ákvarða álagningu á vörum og þjónustu, að verðbólga dragi ekki úr kaupmætti launafólks svo að til uppsagnar komi.“

VELFERÐ FYRIR ALLA – ASÍ BÝÐUR TIL ÞJÓÐARUMRÆÐU

Í kjölfar samþykktar síðasta þings ASÍ um uppbyggingu öflugs velferðarkerfis hefur mikil vinna farið fram í velferðarmálum. Í lok mars boðaði ASÍ til fjölsóttar ráðstefnu og markaði hún um leið upphaf þjóðarumræðu um framtíð velferðarkerfisins. Til ráðstefnunnar var boðið fulltrúum samtaka launafólks, ráðherra, þingmönnum, sérfræðingum ráðuneyta, fulltrúum lífeyrissjóða, Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar, fulltrúum frá samtökum aldraðra og öryrkja, fræðimönnum og öðrum þeim sem áhuga kynnu að hafa á þessu brýna málefni. Til að fylgja ráðstefnunni eftir var lagt fyrir miðstjórn ASÍ minnisblað sem hefur verið leiðsögn velferðarnefndar Alþýðusambandsins í aðdraganda ársfundar. Minnisblaðið frá 4. apríl er svohljóðandi:

„Þau velferðarkerfi sem best hafa reynst til að útrýma fátækt og misrétti, stuðla að tekjujöfnun og skapa um leið sátt og samstöðu meðal allra þjóðfélagshópa eru þau víðtæku velferðarkerfi sem ná til sem flestra. Þannig velferðarkerfi hafa m.a. verið byggð upp á hinum Norðurlöndunum og reynslan sýnir að þau skila árangri.

Þar sem „fátæktaleiðin“ hefur verið farin og velferðarkerfunum ætlað það hlutverk eitt að verða eins konar fátækraaðstoð, hefur jafnt og þétt dregið úr mætti þess og afleiðingin hefur orðið aukin fátækt og misrétti. Upp hafa komið alvarleg vandamál á borð við neikvæða stimplun þeirra hópa sem þurfa á slíkri „aðstoð“ að halda og fleygur hefur verið rekinn á milli einstakra hópa samfélagsins. Víðtækar tekjuskerðingar hafa líka haft í för með sér fátæktargildur og dregið úr möguleikum og vilja fólks til sjálfshjálpar.

Þessar staðreyndir og margar fleiri voru dregnar upp af færustu fræðimönnum á ráðstefnu Alþýðusambands Íslands um framtíð velferðarkerfisins 28. mars sl. Þar drógu þeir Joakim Palme, prófessor við Stokkholmsháskóla og einn virtasti fræðimaður Norðurlanda á sviði velferðar- og lífeyrismála, og prófessor Stefán Ólafsson, sem unnið hefur ítarlegar rannsóknir á íslenska velferðarkerfinu, meðal annars upp nokkrar grunngerðir velferðarkerfa. Grundvallarmunur er á íslenska velferðarkerfinu og þeim sem byggð hafa verið upp á hinum Norðurlöndunum og hann fer vaxandi.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands leggur áherslu á að fram fari opinber umræða um það hvers konar velferðarkerfi við viljum búa við til framtíðar hér á landi og hvernig víðtæk sátt geti náðst um það. Þær áherslur, sem Davíð Oddsson, forsætisráðherra, boðaði á fyrrnefndri ráðstefnu ASÍ, voru allar í þá átt að fjarlægjast enn frekar hugmyndina um hið víðtæka velferðarkerfi og nálgast fátæktaleiðina sem svo mjög hefur verið varað við. Breytingarnar sem nú virðast í uppsiglingu á bótum almannatrygginga ganga þvert gegn niðurstöðum fremstu fræðimanna á sviði velferðar- og lífeyrismála um árangursríka velferðarstefnu. Reynslan hefur sýnt að víðtæka velferðarkerfið er líklegast til að skila árangri ekki aðeins fyrir allt launafólk heldur sérstaklega fyrir þá verst settu.

Síðasta þing ASÍ, haldið í nóvember 2000, mótaði aðráttarlausa stefnu í velferðarmálum: Alþýðusambandið vill stefna að velferðarkerfi eftir hinni norrænu fyrirmynd. Alþýðusamband Íslands vill velferð fyrir alla og hafnar fátæktaleiðinni. Í þeirri vinnu sem nú er framundan í velferðarmálum vill miðstjórn ASÍ stuðla að því að sem allra fyrst verði horfið frá fátæktaleiðinni og mótuð framtíðarstefna um öflugt, víðtækt velferðarkerfi fyrir alla.“

Gefið var út hefti með erindunum af ráðstefnunni og því dreift til aðildarfélaga, hagsmunasamtaka, stjórnmalamanna og fjölmiðla. Frá ráðstefnunni hefur velferðarnefnd ASÍ lagt mikla vinnu í að skoða bótakerfi almannatrygginganna og mögulegar einfaldanir á þeim. Hugmyndir velferðarnefndarinnar verða til umræðu á ársfundinum og í kjölfar hans.

Mál Öryrkjabandalags Íslands gegn Tryggingastofnun

Inn í alla vinnu ASÍ að velferðarmálum á þessu tímabili fléttaðist þátttakan í baráttu öryrkja fyrir viðurkenningu á réttindum sínum. Það endurmat á almannatryggingakerfinu sem hinn margumræddi „Öryrkjadómur“ Hæstaréttar kallaði á, var ein af kveikjunum að framangreindri ráðstefnu ASÍ um velferðarkerfið.

Þann 19. desember 2000 féll í Hæstarétti dómur í máli Öryrkjabandalags Íslands gegn Tryggingastofnun ríkisins. Málið var höfðað sem viðurkenningarmál. Í dómsorði Hæstaréttar segir orðrét: „Viðurkennt er, að aðaláfrýjanda, Tryggingastofnun ríkisins, hafi verið óheimilt frá 1. janúar 1994 á grundvelli 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap með því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans í því tilviki, er maki hans er ekki lífeyrisþegi.“ „Einnig er viðurkennt, að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998.“

Það var mat lögfræðings ASÍ að þetta orðalag væri nokkuð skýrt og að dómsorðið þarfnæðist ekki sérstakra skýringa eða álíta þó hver og einn öryrki gæti ekki á grundvelli viðurkenningardóms Hæstaréttar leitað aðfarar til fullnustu réttar síns. Málið snerist einfaldlega um að reglugerð hafi ekki verið í samræmi við lög, þar af leiði gildi lögin án reglugerðar og þar af leiðandi skuli greiða öryrkjum fulla tekjutryggingu án skerðingar, allt í samræmi við lögin. Ríkisstjórnin ákvað að bregðast við dóminum með setningu laga sem sættu mikilli gagnrýni, bæði efnislega en ekki síður hvernig að samningu laganna var staðið. Efnislega þar sem bæði var beitt fyrningum á fjárkröfur öryrkja en einnig þar sem það sem þó var ófyrnt var ekki greitt að fullu.

ASÍ tók þátt í óformlegu samstarfi samtaka launafólks og ýmissa óháðra samtaka sem mótmæltu laga-setningunni eindregið. Forseti ASÍ og lögmaður ASÍ fóru á fund heilbrigðis- og trygginganefndar. Þeir gerðu ekki í sjálfu sér athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins en þar er mælt fyrir um tekjutengingu við tekjur maka. Starfandi forseti sagði það sína persónulegu skoðun að slík tekjutenging ætti ekki rétt á sér heldur bæri að jafna tekjur í gegnum skattkerfið og jafnframt að ASÍ teldi að dómur Hæstaréttar fæli ekki í sér almennt bann við tekjutengingum eftir 1.2.2001 (gildistaka nýrra laga) en slíkri tengingu væri óheimilt að beita fyrir þann tíma. Þeir tjáðu nefndinni síðan að þeir teldu að rétt lög stæðu ekki til þess að Alþingi samþykkti frumvarp ríkisstjórnarinnar eins og það var úr garði gert og að greiða bæri öllum þeim sem rétt áttu til fullrar tekjutryggingar frá 1.1.1994, fulla tekjutryggingu eins og hún var á hverjum tíma og allt þar til 1. gr. frumvarpsins tekur gildi þ.e. til 1.2.2001. Lögin voru samþykkt óbreytt.

1. MAÍ 2001 – INNLEGG Í ÞJÓÐARUMRÆÐUNA

Aðgerðir 1. maí voru að þessu sinni undir yfirskriftinni „Velferð fyrir alla“ og voru innlegg í þá þjóðarumræðu um framtíð velferðarkerfisins sem Alþýðusambandið hafði boðið til auk þess sem ítrekað var að ASÍ vildi skoða hugtakið velferð í víðu samhengi. Í tilefni dagsins sendi ASÍ frá sér eftirfarandi 1. maí ávarp:

„Aðgerðir íslensku verkalyðshreyfingarinnar á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks hafa í ár einkunnarorðin „Velferð fyrir alla“. Í þessum orðum felst sú krafa að hér á landi verði byggt upp velferðarkerfi sem allir þegnar landsins geti reitt sig á þegar nauðsyn krefur. Traust og viðtækt velferðarkerfi er öflugasta verkfærið sem þekkist til að útrýma misrétti og fátækt, jafna aðstöðu fólks og auðvelda því að nýta tækifæri sín óháð efnahag. Um leið er það mikilvæg forsenda sáttar og samstöðu ólíkra þjóðfélagshópa. Það er þannig velferðarkerfi sem Alþýðusambandið vill sjá á Íslandi, virkt velferðarkerfi sem er réttlátt og sanngjart; kerfi sem gerir fólki kleift að halda virðingu sinni og trúnni á samfélagið þegar í harðbakkann slær.

Því miður hefur íslenska velferðarkerfið verið að þróast í gagnstæða átt. Hér hefur verið reynt að þrengja velferðarkerfið þannig að það sé aðeins til fyrir hina allra verst settu, en með mjög misjöfnum árangri, ekki síst fyrir þá sem kerfið á þó helst að þjóna.

Reynsla annarra þjóða hefur sýnt að slík kerfi, sem draga dóm af fátækraframsælsu fyrri tíma, veikjast hratt og njóta lítils almenns stuðnings, til þeirra rennur sífellt minna fjármagn og afleiðingin er aukið misrétti og önnur félagsleg vandamál, neikvæð stimuln og fátæktargildrur.

Reynslan hefur einnig sýnt að hin viðtæku velferðarkerfi, þar sem þorri fólk á sinn rétt, njóta almenns stuðnings, standa sterkar og reynast besta tækið til að draga í raun úr fátækt og misrétti. Launafólk hlytur því að hafna þeirri fátæktaerleið sem hefur verið að þróast í velferðarmálum hér á landi á sl. árum, bæði meðvitað og ómeðvitað, og krefjast uppbyggingar viðtæks velferðarkerfis sem sátt getur náðst um.

Velferðarkerfið á að hvetja fólk til að nýta tækifæri sín en ekki draga úr sjálfsbjargarviðleitni. ASÍ litur á velferð í viðasta skilningi þess orðs. Velferð manna er ekki eingöngu háð efnislegum gæðum heldur einnig tækifærum þeirra til að þroskast og dafna. Velferð felst þannig í möguleikum fólks til menntunar, fjölskyldulífs, frítíma og mannlegrar virðingar. Velferð felst í mannsæmandi aðstæðum, möguleikum fólks til að standa á eigin fótum og koma sér þaki yfir höfuðið. Því miður er húsnæðisvandi farinn að standa í vegi fyrir velferð fjölmargra einstaklinga og fjölskyldna. Þeirri þróun þarf að snúa við. Velferð felst í góðum vinnuaðstæðum, virðingu og vellíðan í vinnunni. Velferð felst einnig í góðri heilsu, heilsuvernd og möguleikum fólks á að lifa heilsusamlegu lífi. Okurverð og ofurtollar á grænmeti ganga þvert gegn þeim markmiðum. Þar er breytinga þörf og hefur ASÍ lagt fram kröfur um aðgerðir allt frá 1995 þegar núverandi tollakerfi var tekið upp.

Velferð fyrir alla er vítt hugtak og krefst víðsýni. Fyrsti maí er alþjóðlegur baráttudagur og alls staðar í heiminum er verkafólk að vekja athygli á málstað sínum. Það má ekki gleymast að baráttu launafólks fyrir réttindum sínum er hrein og klár mannréttindabaráttu. Réttur verkalyðsfélaga til frjálsra samninga er varinn sem mannréttindi og því er öllum inngripum stjórnvalda í kjarasamninga mótmælt. Þetta ætti ekki að þurfa

að taka fram í upphafi 21. aldarinnar en er því miður nauðsynlegt eftir að lög voru sett á verkfall sjómanna fyrir fáeinum vikum.

Verkalyðshreyfingin krefst sömu grundvallarréttinda fyrir launafólk alls staðar í heiminum þótt staðan sé afar misjöfn milli landa. Þess vegna skiptir alþjóðastarf verkalyðsfélaga æ meira máli. Með sameiginlegu átaki er hægt að ráðast gegn alvarlegum vandamálum á borð við barnavinnu og verslun með fólk, einkum konur og börn til vinnuþrælkunar og í þágu sívaxandi kynlífsiðnaðar. Hin alþjóðlega verkalyðshreyfing hefur verið að vekja athygli á þessum vanda og Alþýðusambandið hefur lagt sitt af mörkum.

Alþýðusambandið er hluti af hinnu alþjóðlegu verkalyðshreyfingu og hefur kynnst því hverju samstarf þvert á landamæri fær áorkað og hverju alþjóðasamþykktir hafa breytt fyrir íslenskan vinnumarkað. Það ætti því ekki að koma á óvart að þing ASÍ hefur samþykkt samhljóða að ASÍ skuli hafa forystu í umræðum um stöðu Íslands í Evrópusamstarfinu og hagsmuni launafólks.

Samt sem áður er það réttinda- og kjarabaráttan hér heima sem er grundvallarþátturinn í starfi Alþýðusambands Íslands. Hér eru mikilvæg verk að vinna sem verkalyðshreyfingin, stjórnvöld og atvinnurekendur þurfa að taka höndum saman um. Ef allir leggjast á eitt við að snúa af þeirri fátæktarstefnu sem hefur verið að þróast í velferðarmálum á undanförmum árum og byggja upp víðtækt velferðarkerfi sem sátt næst um, eru markmið þessa baráttudags verkalyðsins í sjónmáli: Velferð fyrir alla.“

OFURTOLLAR OG FÁKEPPNI Á GRÆNMETI SMARKAÐI

Í lok marsmánaðar 2001 birti Samkeppnisstofnun niðurstöður rannsóknar sinnar þar sem fram kom að sölu- aðilar grænmetis og ávaxta á heildsölustigi hafa undanfarin ár stundað verðsamráð og stuðlað að samþjöppun og fákeppni. Efni skýrslunnar beindi kastljósunum enn á ný að verðlagningu á ávöxtum og grænmeti hér á landi. Fyrir liggur að íslenskir neytendur hafa greitt þessar mikilvægu neysluvöru alltof dýru verði. Þetta gerist á sama tíma og launafólk hefur ítrekað í kjarasamningum lagt mikið af mörkum til að tryggja stöðugleika í verðlagi og efnahagslífinu almennt. Þá hefur Alþýðusamband Íslands bent á að verðsamráð og okur á ávöxtum og grænmeti til íslenskra neytenda undanfarin ár á sér stað í skjóli ofurtolla íslenskra stjórnvalda á innflutning þessara nauðsynjavara. Miðstjórn ASÍ ályktaði um málið á fundi sínum 4. apríl sl. Þar sagði m.a.:

„Alþýðusamband Íslands gerir kröfu til þess að þeim aðilum sem vinna gegna hagsmunum íslenskra neytenda með ólögmatum hætti sé harðlega refsað. Þá gerir Alþýðusamband Íslands kröfu til þess að það kerfi innflutningshafa og ofurtolla á ávexti og grænmeti verði endurskoðað frá grunni með hagsmuni neytenda og framtíðarhag framleiðenda að leiðarljósi. Alþýðusamband Íslands gerir kröfu til þess að koma að þeirri vinnu til að verja hagsmuni sinna umbjóðenda og markmið þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið á vettvangi aðildarsamtaka þess.“

Fulltrúar Alþýðusambandsins áttu fund með landbúnaðarráðherra 9. apríl þar sem sjónarmið ASÍ voru áréttuð. Fram kom að krafa ASÍ væri að þegar yrði tekin ákvörðun um niðurfellingu á verndartollum vegna innflutnings á grænmeti. Þá lögðu fulltrúar ASÍ áherslu á að tryggt verði að hér á landi komist á virk samkeppni við verðlagningu og sölu á grænmeti og ávöxtum á heildsölu- og smásölustigi. Markmið framan- greindra aðgerða ætti að vera að lækka verð á ávöxtum og grænmeti til hagsbóta fyrir íslenska neytendur. Þá ættu framangreindar aðgerðir að vera hvatning til aukinnar hagræðingar í matjurtaframleiðslu hér á landi. Einnig var lögð áhersla á virkt eftirlit og afskipti samkeppnisyfirlalda og öflugt verðlagseftirlit.

Á fundinum lagði landbúnaðarráðherra fram tillögu um að settur yrði á laggirnar starfshópur um málið og óskaði eftir þátttöku ASÍ í honum. Fram kom að starfshópurinn ætti að gera tillögur til ráðherra um hvernig hægt væri að lækka verð á grænmeti og ávöxtum en á sama tíma tryggja hag framleiðenda. Af hálfu ASÍ var ákveðið að tilnefna Kristján Bragason, framkvæmdastjóra Starfsgreinasambandsins, í hópinn.

Í lok apríl lagði fulltrúi ASÍ í nefndinni fram tillögu í þremur liðum um tafarlaus viðbrögð til að lækka verðlag á grænmeti á meðan unnið væri að heildartillögum í málinu; að fyrirhugaðri tollahækkun á grænni papriku sem ákveðin er skv. reglugerð í lok apríl yrði frestað, að tollahækkun á tómötum frá 23. apríl yrði tekin til baka og að tollar yrðu felldir niður á grænmeti sem ekki er framleitt hér á landi. Fjármálaráðherra brást við með að fresta tollahækkuninni í lok apríl og jafnframt var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á tollalögum sem heimilaði landbúnaðarráðherra að lækka eða fella niður að fullu verð og magntolla á ákveðnum grænmetisvörum, þ.m.t. grænmeti sem ekki er framleitt hér á landi. Alþingi samþykkti rétt fyrir þinglok framangreint frumvarp og var sú breyting gerð í meðförum þingsins, að sett var inn leiðbeining til landbúnaðarráðherra, að lækkanarheimildirnar sem er að finna í lögum verði nýttar.

Ljóst er að harkaleg viðbrögð Alþýðusambands Íslands við uppljóstrunum Samkeppnisstofnunar og eftirfylgni hefur ásamt öðru hrundið af stað umræðu og aðgerðum sem beinast gegn því tolla- og einokunarkerfi sem hefur verið að þróast í tengslum við innflutning og sölu á grænmeti hér á landi. Um leið hefur ASÍ lagt áherslu á að starfi ráðgjafarnefndarinnar verði haldið áfram og því flýtt með það að markmiði að heildstæðar tillögur liggi fyrir næsta haust. Markmið þeirra á að vera að afnema ofurtolla á grænmeti og vinna gegn fákeppni á heildsölu og smásölustigi til hagsbóta fyrir neytendur. Jafnframt verði unnið að því að skapa íslenskum framleiðendum eðlileg skilyrði til samkeppni við innflutning og hagræðingar í starfsemi.

JAFNRÉTTIS- OG FJÖLSKYLDUMÁL

Starf Alþýðusambandsins að jafnréttis- og fjölskyldumálum veturinn 2000 til 2001 hefur einkum falist í því að fylgja eftir og kynna þær breytingar og réttarbætur á þessu sviði sem fengust með nýjum jafnréttislögum og enn frekar lögum um fæðingar- og foreldraorlof sem samþykkt voru á vörpingi árið 2000.

Á 39. þingi ASÍ var haldin sérstök málstofa um fæðingar- og foreldraorlofslögin, þar sem lögin og þær réttarbætur sem í þeim felast, voru kynnt, auk þess sem sérstaklega var fjallað um þá nýju möguleika sem lögin skapa körlum. Í lok árs 2000 gaf ASÍ út vandað kynningarrit um lögin, ásamt leiðbeiningum um framkvæmd þeirra. Ritinu var svo fylgt eftir með kynningarfundum vítt og breitt um landið, auk þess sem lögin hafa verið kynnt á námskeiðum með trúnaðarmönnum. Fyrirhugað er að halda þessu starfi áfram.

Í undirbúningnum undir ársfundi ASÍ 2001 var ákveðið að fylgja lögnum um fæðingar- og foreldraorlof og kynningunni á þeim eftir með málstofu í tengslum við ársfundinn, þar sem sjónum er beint að samræmingu atvinnu og fjölskyldulífs og fjölskylduvænni starfsmannastefnu. Tilgangur málstofunnar er ekki síst að fjalla um og kynna leiðir til að þau réttindi og sá sveigjanleiki, sem er að finna í lögnum, nýtist launafólki, feðrum og mæðrum, í framkvæmd. Þá verður fjallað um það hvað verkalyðshreyfingin getur gert til að stuðla að og styðja við fjölskylduvæna starfsmannastefnu.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd ASÍ hefur undanfarið unnið að því að 8. mars, alþjóðlegur baráttudagur kvenna, verði í framtíðinni nýttur af íslensku verkalyðshreyfingunni til að varpa kastljósi á stöðu kvenna og jafnréttismál, líkt og gerist víða um heim. Stefnt er að því að leita samstarfs við fleiri aðila um þetta verkefni.

Málefni útlendinga eru eitt af viðfangsefnum jafnréttis- og fjölskyldunefndar samkvæmt ákvörðun 39. þings ASÍ. Af hálfu nefndarinnar hefur verið unnið að upplýsingaöflun um málefni útlendinga og stöðu þeirra hér á landi. Í því sambandi hefur m.a. verið fjallað um störf nefndar félagsmálaráðherra um málið.

Alþýðusamband Íslands tók á sínum tíma þátt í ráðstefnunni „Konur og lýðræði“ og tók að sér að standa fyrir verkefni um gerð kjarasamninga og þróun vinnumarkaðar. Nú hefur verið ákveðið að ASÍ, ásamt samstarfsaðilum, standi fyrir tveimur tveggja daga námsstefnum í Eystrasaltslöndunum haustið 2001.

Í maí sl. tóku fulltrúar ASÍ á mótí sendinefnd fulltrúa frá Eistlandi sem voru hér á landi í boði félagsmálaráðuneytisins til að kynna sér íslenskan vinnumarkað og jafnréttismál.

ASÍ OG UMRÆÐA UM STARF NÆTURKLÚBBA

Í þeim tilvikum þar sem útlent vinnuafli á ekki sjálfsgöða aðild að sérstöku stéttarfélagi hefur ASÍ veitt umsagnir vegna útgáfu atvinnuleyfa. Það á við um erlenda dansara sem hingað hafa komið til starfa á næturklúbbum. ASÍ mótaði sér þá vinnureglu að krefjast sannana um greidd laun, keyptar tryggingar og skil á iðgjöldum. Nokkur regla komst á málaflokkinn.

En óvissan um eðli þeirra starfa sem þessir erlendu starfsmenn voru látnir sinna á grundvelli útgefna atvinnuleyfa jókst, m.a. vegna kæra og ábendinga sem fram komu. Loks tilkynnti Alþýðusamband Íslands félagsmálaráðuneytinu bréflaga að það sæi sér ekki fært að veita umsagnir um þessi atvinnuleyfi. Erindi Alþýðusambandsins vakti mikla athygli og varð til þess að breyta mjög allri umræðu um kjör, starfsaðstæður og lífsskilyrði þessara starfsmanna. Í bréfi ASÍ sagði m.a.:

„Það er skoðun Alþýðusambandsins að stjórnvöld og löggjafinn verða að svara því afdráttarlaust hvort m.a. sú starfsemi sem fram fer í lokuðum klefum, þar sem viðkomandi starfsmaður er nakinn með einum viðskiptavini, fellur undir atvinnuleyfaskyldu starf dansara eða hvort um er að ræða kynlífsþjónustu af einhverju tagi.“

Þá varaði Alþýðusambandið við alþjóðlegri verslun með fólk, einkum konur og börn til kynlífsiðnaðar á Vesturlöndum. Loks voru skyldur ASÍ gagnvart öllum konum á vinnumarkaði ítrekaðar. Í bréfinu segir m.a.:

„ASÍ stendur því bæði vörð um virðingu og réttindi þeirra erlendu dansara sem hingað koma, kvenna almennt og ekki síst þeirra ungu stúlkna sem eru að hefja þátttöku á vinnumarkaðnum. Íslenskum stjórnvöldum ber að verja sömu hagsmunum og því vaknar sú spurning hvort einhverjar rannsóknir séu fyrirhugaðar á því hvaða áhrif skipulögð og viðurkennd atvinnustarfsemi, þar sem seldur er aðgangur að líkama kvenna, hefur á viðhorf til kvenna og þar af leiðandi stöðu þeirra á vinnumarkaði. Útbreiðsla starfsemi af þessu tagi kann að hafa áhrif á sjálfsmynd hópa kvenna og þau viðhorf og það viðmót sem viðkomandi mæta.“

MÁLEFNI ÚTLENDINGA

Lögmaður ASÍ átti sæti í nefnd félagsmálaráðherra um endurskoðun laga nr. 133/1994 um atvinnuréttindi útlendinga. Í síðustu skýrslu forseta er gerð grein fyrir þeirri stefnu sem ASÍ lagði til grundvallar í nefndarstarfinu. Nefndin var sett á laggirnar 12.11. 1999 og fundaði 15 sinnum. Upphaflega var reynt að fá stjórnvöld til þess að fella allan málaflokkinn undir eitt ráðuneyti þ.a. stjórnsýsla yrði betri. Dómsmálaráðuneytið var ekki tilbúið til þess og lagði nú nýlega fram nýtt frumvarp um útlendinga sem í sumu er í andstöðu við lögin um atvinnuréttindi útlendinga sbr. m.a. umsögn ASÍ um það frumvarp. Vinna nefndarinnar varð því þyngrri en ella. Gera má ráð fyrir að hún ljúki störfum fyrir vorið. Segja má að verulegur hluti þeirra tillagna sem ASÍ setti fram hafi verið samþykktar. Á skýrri heildarstefnu stjórnvalda í málefnum útlendinga bólaði þó ekki. Ný lög voru síðan samþykkt fyrir þinglok í vor. Þar er byggt á því að forsenda dvalarleyfis verði áfram að jafnaði atvinnuleyfi og skv. drögum að nýjum lögum um atvinnuréttindi útlendinga verður áfram byggt á þeirri meginreglu að atvinnuleyfi séu ekki veitt nema „kunnáttumenn“ verði ekki fengnir innanlands. Með

lögum er leitast við að skýra framkvæmdina og reynt að löggæra þær reglur sem raunverulega hafa gilt m.a. til þess að koma í veg fyrir misnotkun leyfanna. Það á t.d. við um fjölskyldusameiningu sem hingað til hefur oftan en ekki verið gerð í gegnum Aupair – kerfið og viðkomandi síðan látinn daga uppi hér á landi. Það á einnig við um námsmannaleyfin o.fl. Hart var sótt að umsagnarrétti verkalýðsfélaganna en á fundi með félagsmálaráðherra þann 5.4. 2001 staðfesti hann að við honum yrði ekki haggað. Nýtt ákvæði kom inn í lögin um upplýsingar og fræðslustarf þar sem lagt er upp með samstarf verkalýðshreyfingar og samtaka atvinnurekenda. Þann þátt á eftir að þróa áfram. Markverðastur árangur ASÍ í þessu nefndarstarfi var að ná inn ákvæði í lögin þar sem mælt er fyrir um skyldu atvinnurekenda til þess að kaupa sjúkratryggingar fyrir erlent starfsfólk sitt þannig að það njóti sambærilegra réttinda og almannatryggingar veita á þeim tíma sem liður þar til það öðlast full réttindi innan almannatryggingakerfisins eða í 6 mánuði. Í þessu felst mikil réttarbot. Af öðrum nýmælum er helst að geta um sérstaka samstarfsnefnd sem félagsmálaráðherra skal skipa og sem í eiga sæti fulltrúar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Félagsmálaráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Samstarfsnefndin skal kölluð saman vegna almennra álitamála varðandi útgáfu atvinnuleyfa og þegar beiðnir berast til Vinnumálastofnunar um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga.

ASÍ á jafnframt sæti í nefnd félagsmálaráðherra sem falið var að kanna aðstæður útlendinga hér á landi. Nefndin er að störfum en á vegum hennar fer fram umfangsmikil og ítarleg gagnaöflun. Ekki er von á því að hún ljúki störfum fyrr en á næsta ári.

HÚSNÆÐI SMÁL

Á fundi 10.1. 2001 ályktaði miðstjórn ASÍ um vaxtahækkunar af húsnæðislánum. Þar segir m.a.:

„Miðstjórn ASÍ mótmælir harðlega þeim vaxtahækkunum af húsnæðislánum sem ríkisstjórnin lætur nú dýnja á almenningi. Aðgerðir hennar í húsnæðismálum á undanförunum árum hafa allar verið illa undirbúnar og húsnæðisvandi láglaunafólks því vaxið hröðum skrefum. Lokun félagslega eignaribúðakerfisins jók eftirspurn eftir húsnæði á almennum markaði. Aukin eftirspurn kallaði fram verðhækkunar á fasteignamarkaði langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Greiðslubyrði lána vegna íbúðarkaupna hefur hækkað án þess að þeirri hækkun hafi verið mætt með breytingum á vaxtabótum. Lokun félagslega eignaribúðakerfisins jók einnig eftirspurn eftir leiguhúsnæði á almennum markaði. Aukin eftirspurn og viðvarandi og sívaxandi biðlistar eftir félagslegu leiguhúsnæði kallaði fram hækkunar á húsaleigu langt umfram verðlagshækkunar. Þeim hækkunum hefur ekki verið mætt með hækkun húsaleigubóta. Vaxtahækkun á viðbótarlánum og lánum til byggingar félagslegra leiguíbúða án verulegra og aukinna framlaga til stofnstyrkja og hækkunar húsaleigubóta skerða ráðstöfunartekjur þeirra sem hún snertir og getur náð að éta upp launa- og bótaþækkunar þess hóps.“

Eins og ítarlega er gerð grein fyrir í skýrslu forseta árið 2000 skilaði sérstök nefnd félagsmálaráðherra af sér þann 29. mars 2000 tillögum um breytingar á húsnæðiskerfinu og sérstakar aðgerðir til þess að mæta þeim húsnæðisvanda sem sífellt hefur farið vaxandi. Á fundi ASÍ með félagsmálaráðherra þann 5.4. 2001 kom fram að ráðuneytið hefði hug á því að gera sérstakt átak í byggingu leiguíbúða. Þann 18.4. 2001, í framhaldi þess fundar samþykkti miðstjórn ASÍ eftirfarandi tillögu til félagsmálaráðherra um lausn á bráðum vanda láglaunafólks vegna skorts á leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum:

I. Stofnstyrkir ríkissjóðs og sveitarfélaga: Til kaupa eða byggingar á allt að 500 leiguíbúðum á árinu 2001 veiti ríkissjóður stofnstyrki að fjárhæð 1,2 til 3,1 milljarðar til leigufélaga á vegum sveitarfélaga, félagsamtaka, þ.m.t. húsnæðissamvinnufélaga og lífeyrissjóða, einstaklinga eða fyrirtækja sem kjósa að kaupa, byggja, eiga og reka almennt eða sérhæft leiguhúsnæði. Stofnstyrkir þessir nemi á bilinu 20% til 50% af byggingakostnaði og eignist ríkissjóður eignarhlut í leiguhúsnæðinu til samræmis við stofnframlag sitt. Í sama skyni og með sömu skilmálum, þ.m.t. um eignarhlut, gefi sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu eftir öll gjöld af lóðum vegna byggingar allt að 500 leiguíbúða eða leggi til stofnstyrki að jafnvirði lóðagjalda sé keypt húsnæði í stað þess að byggja.

II. Auknar lánsheimildir: Heimilt verði að auka lánveitingar til leiguíbúða úr 3.150 milljónum skv. fjárlögum 2001 í allt að 5.7 milljarða. Vextir verði ákveðnir sem næst markaðsvöxtum og sem næst vöxtum af fasteignaveðbréfum skiptanlegum fyrir húsbref.

III. Húsaleigubætur: Skattlagningu húsaleigubóta verði hætt án þess að til lækkunar þeirra komi.

IV. Félagslegir þættir: Til þess að leysa fyrst úr vanda þeirra sem verst eru settir félagslega og fjárhagslega, njóti þeir forgangs við úthlutun. Abyrgð og meðvitund leigjenda verði aukin með virku íbúalyðræði.

V. Áhrif á húsnæðismarkað: Leitast verði við að lágmarka áhrif þeirra ráðstafana sem lagðar eru til á húsnæðismarkað í landinu. Til nauðsynlegra ráðstafa í því efni verði gripið samhliða.

MENNTAMÁL

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess koma víða að menntamálum, bæði með stefnumótunarvinnu og þátttöku í fjölmörgum verkefnum, auk þess sem fræðslustofnanir sambandsins MFA og Mimir –Tómstundaskólinn standa fyrir öflugum fræðslustarfi. Þannig á Alþýðusambandið aðild að starfsmenntaráði, MENNT, samstarfsvettvangi atvinnulífs og skóla, stjórn Leónardó II áætluninni, 18 manna nefnd menntamálaráðuneytisins um verkmenntun á framhaldsskólastigi auk þess að vera tilnefningaraðili í nokkrum starfsgreinaráðum skv. framhaldsskólalögum. Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni.

Málefni Tækniskóla Íslands

Alþýðusamband Íslands hefur í samstarfi við Samtök iðnaðarins og fleiri aðila, unnið að því um nokkurra missera skeið að leita samninga við menntamálaráðuneytið um yfirtöku Tækniskólans með það að markmiði að þróa hann á háskólastigi um leið og staðinn væri vörður um frumgreinadeild skólans. Viðræðum við menntamálaráðuneytið lauk í byrjun árs án árangurs. Í tengslum við viðræðulokin gáfu samningsaðilar út yfirlýsingu þar sem þeir lýstu þeirri sameiginlegu skoðun sinni að rétt væri að slíta viðræðunum með formlegum hætti. Þá gaf ASÍ út sérstaka yfirlýsingu þar sem sagði m.a.:

„Í þeim viðræðum sem átt hafa sér stað um framtíð Tækniskóla Íslands hefur af hálfu ASÍ alltaf verið lögð sérstök áhersla á mikilvægi þess að varðveita ákveðin sérkenni Tækniskólans um leið og skólinn og starfsemi hans yrði eflað enn frekar til að þjóna þörfum atvinnulífsins og þeirra sem þar starfa. Þessi sérkenni hafa einkum birst í tvennu:

- *Tækniskólinn hefur laðað að námi fólk sem kemur með fjölbreytta menntun og reynslu úr atvinnulífinu og hann hefur lagt sig sérstaklega eftir að þjóna þörfum þessa hóps. Í þeim efnum hefur frumgreinadeild skólans gegnt mikilvægu hlutverki.*
- *Tækniskólinn hefur leitast við að eiga gott samstarf við atvinnulífið og fyrirtækin og lagt sig eftir að mæta þörfum þeirra fyrir starfsmenn með trausta og góða tækni- og rekstarþekkingu.*

Alþýðusamband Íslands er enn sem fyrr þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að hlúa að framangreindum sérkennum um leið og brýna nauðsyn beri til að efla verk- og tæknimenntun á Íslandi og að hún verði að vera í sterkum tengslum við atvinnulífið.“

Vika símenntunar

Í byrjun árs 2001 barst Alþýðusambandi Íslands ósk frá Verkefnisstjórn um viku símenntunar, þar sem óskað var eftir því við sambandið að það gerðist formlegur aðili að þessu verkefni en vika símenntunar mun að þessu sinni fjalla um mikilvægi tölvufærni, upplýsingatækni og tungumálaþekkingar. Á fundi miðstjórnar ASÍ 24. janúar var samþykkt að sambandið yrði við þessari ósk. Þá var á fundi miðstjórnar 16. maí samþykkt að leggja fram fjárstyrk til að kosta kynningu á Viku símenntunnar haustið 2001.

Einkavæðing grunnskóla

21. febrúar sendi miðstjórn ASÍ frá sér eftirfarandi ályktun í tilefni af útboði á rekstri grunnskóla í Hafnarfirði.

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hvetur menntamálaráðherra til að veita sveitarfélögum ekki undanþágu frá þeirri meginskyldu sem fram kemur í fyrstu grein grunnskólalaganna, þ.e. að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára.

Verkalyðshreyfingin hefur alltaf verið þeirrar skoðunar að grundvallarþjónustu samfélagsins, svo sem heilbrigðiskerfi, velferðarkerfi og menntakerfi eigi að byggja og reka á samfélagslegum grunni.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hvetur til þess að fallið verði frá áformum um útboð grunnskólakennslu.“

LÍFEYRIS- OG TRYGGINGAMÁL LAUNAFÓLKS

Í janúar 2001 óskaði ASÍ eftir fundi með Samtökum atvinnulífsins vegna máls EFTA-dómstólsins nr. E-08/00. Óskað var eftir sameiginlegri aðkomu ASÍ og SA en málið varðar skylduáðild að tilteknum lífeyrissjóðum. Í kjölfarið fóru samtökin á fund fjármálaráðherra og lögðu sameiginlega til í bréfi, að íslensk stjórnvöld, með vísan til 36.gr. bókunar 5 um stofnsamþykkt fyrir EFTA-dómstólinn, nýti sér heimild sína til meðalgöngu í framangreindu máli, til stuðnings við málstað annars aðila þess. Samtökin lögðu það til að íslensk stjórnvöld tækju í athugasemdum sínum til dómstólsins afstöðu með málsstað Alþýðusambands Noregs. Ráðherra upplýsti að erindi samtakanna yrði sett í hendur ráðuneytisstjóra sem tæki ákvörðun um framhald og vinnslu málsins. Við erindinu var orðið með þeim hætti sem lagt var upp með af hálfu ASÍ.

Tryggingamál

Í byrjun febrúar 2001 boðaði ASÍ til samráðs- og upplýsingafundar með formönnum landssambanda og stærstu félaga innan ASÍ um tryggingamál launafólks. Eins og kunnugt er, þá var ákveðið að slíta því hlutafélagi sem á sínum tíma var stofnað til þess að annast undirbúning að stofnun tryggingafélags til þess að annast þetta verkefni. Það mál er í sínum rétta farvegi. Á fundinum kom fram að leiðirnar til þess að vinna að verkefninu geta verið margar en ljóst að viðtæk kaup hóprýgginga á vegum stéttarfélaganna í landinu eigi að geta fært félagsmönnum þeirra verulegar kjarabætur og komið tryggingum til hópa launafólks sem ekki njóta þeirra nú. Ákveðið var að kynna málið í miðstjórn og einnig að þeir aðilar sem hefðu áhuga á verkefninu myndu starfa saman á vettvangi ASÍ til þess að tryggja sem best hagsmuni sinna félagsmanna. Málið var kynnt í miðstjórn og lögð áhersla á að nálgast tryggingamálið með aðeins öðrum hætti en áður var gert. Hinn félagslegi hluti verkefnisins skyldi vera í fyrirrúmi en ráð fyrir því gert að ef samstaða næðist yrði samið við þriðja aðila um framkvæmd og þá á ábyrgð og kostnað þeirra sem áhuga hafa á verkefninu. Miðstjórn heimilaði starfsmönnum sambandsins að vinna áfram að málinu. Í lok mars var formönnum landssambanda og stærstu félaga skrifað að nýju og lagt til að stofnað yrði „Tryggingaráð“ sem a.m.k. fyrst í stað skyldi myndað af formönnum landssambanda, formönnum svæðasambanda og formönnum stórra aðildarféлага hvers landshluta. Ráðinu yrði ekki ætlað að taka ákvarðanir sem skuldbindi þá sem þar sitja, ráðið sjálft, ASÍ eða þau sambönd og félög sem mynda það, hvorki sem hóp eða með öðrum hætti. Ráðið myndi til að byrja

með vera þróunar og samráðsvettvangur sem ætlað yrði að skoða hugmyndir, tækifæri og möguleika í trygg-ingamálum. Komist tiltekin verkefni á flot fyrir alvöru þyrfti að mynda félagsskap sem færi með umboð gagn-vart hugsanlegum samstarfsaðilum. Ákveðið var að boða til fyrsta fundar ráðsins þegar mótaðri tillögur um þróun verkefnisins liggja fyrir og er unnið að því nú.

VINNUVERND

Í framhaldi af samþykktum 39. þings ASÍ í nóvember 2000 hefur í tengslum við úttekt og tillögur að breyt-ingum á skipulagi á skrifstofu ASÍ verið unnið að því að styrkja starf skrifstofu ASÍ að vinnuverndarmálum. Þess er vænst að árangur af þessu starfi skili sér á næstu mánuðum. Tvö mál hafa öðrum fremur komið til kasta Alþýðusambands Íslands er varða vinnuvernd.

Endurskoðun vinnuverndarlaganna

Undanfarin tvö ár hefur á vettvangi félagsmálaráðuneytisins verið unnið að endurskoðun laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Markmið þessarar endurskoðunar hefur einkum verið að lögleiða megin-reglur vinnutímatilskipunar ESB nr. 93/104/EB, mæta kröfum vegna ófullnægjandi lögleiðingar almennu vinnuverndartilskipunar ESB nr. 89/391/EBE og tilskipunar um vinnuvernd barna og unglinga nr. 94/33/EB, auk þess sem henni er ætlað að stuðla að framkvæmd ákvæða núgildandi laga um heilsuvernd starfsmanna.

Alþýðusambandið hefur á síðustu misserum og árum unnið að því að meginreglur vinnutímatilskipunar-innar verði lögleiddar og að heilsuvernd starfsmanna, sem bundin hefur verið í lög frá árinu 1980, verði hrundið í framkvæmd hér á landi. Í umsögn ASÍ um frumvarpið frá því í apríl sl. segir m.a.:

„Mikilvægt er að frumvarpið fái vandaða umfjöllun svo að þær breytingar sem gerðar verða á núgildandi lögum leiði til nauðsynlegra úrbóta á lögum og framkvæmd þeirra og dragi um leið úr þeirri réttaróvissu sem komið hefur upp varðandi ýmsa þætti almennu vinnuverndartilskipunar og vinnutímatilskipunarinnar og lögleiðingar þeirra hér á landi. Þá er löngu orðið tímabært að heilsuvernd starfsmanna komi til framkvæmda hér á landi með viðunandi hætti. Öllum er þessum efnispáttum ætlað að bæta heilbrigði launafólks og öryggi á vinnustað og auka með þeim hætti almenna vinnuvernd.“

Hvað varðar uppbyggingu og efnisatriði frumvarpsins verður að telja að það sé í veigamiklum atriðum í samræmi við efni og tilgang framangreindra tilskipana og þær áherslur sem komið hafa fram hjá verkalýðs-hreyfingunni. Í frumvarpinu er þó í nokkrum mikilvægum tilvikum að finna ákvæði sem eru með öllu óásættanleg eða þarfnast lagfæringa og frekari skýringa.“

Í umsögninni eru síðan talin upp fjölmörg álitafefni og önnur atriði sem að mati ASÍ standast ekki fyrir-nefndar Evrópugerðir og draga jafnvel úr þeim réttindum sem launafólki eru tryggð með núgildandi löggjöf. Þetta gildir m.a. um skilgreiningar á vinnutíma og hvíldartíma í lögum og mögulegar afleiðinga þeirra, frá-viksheimildir vegna frestunar á vikulegum frídegi, réttarstöðu flutningabílstjóra, frávikum frá reglunni um hvíld á móti frestaðri hvíld. Þá er í 7. gr. frumvarpsins vikið í veigamiklum atriðum frá samkomulagi sem varð á vettvangi VER með aðild aðila vinnumarkaðarins um heilsuvernd starfsmanna og útfærslu hennar. Niður-staðan um þetta efni er eftirfarandi skv. umsögn ASÍ:

„Það er krafa Alþýðusambands Íslands að fallið verði frá þeim fyrirætlunum sem er að finna í 7. grein frumvarpsins. Þess í stað verði tillögur þær sem unnar voru á vettvangi Vinnueftirlitsins um heilsuvernd starfsmanna og fullt samkomulag náðist um felldar inni í frumvarpið áður en það verður að lögum. Verði það ekki gert áskilur ASÍ sér allan rétt til að fara með málið lengra og leita álits til þess bærra aðila á ákvæðum þessarar greinar sem og annarra greina frumvarpsins.“

Frumvarpið náði ekki fram að ganga á Alþingi vorið 2001. Þá kynnti félagsmálaráðherra á aðalfundi Vinnu-efntirlits ríkisins í lok apríl, að hann mundi skipa nefnd til að endurskoða vinnuverndarlögin í heild sinni. Telja verður öruggt að ASÍ eigi fulltrúa í þeirri nefnd. Hlutverk hans við endurskoðun laganna hlýtur að verða tví-þætt; að koma á framfæri áherslum og sjónarmiðum verkalýðshreyfingarinnar til vinnuverndar og löggjafar um það efni og knýja jafnframt á um að nauðsynlegar umbætur og lagfæringar nái fram að ganga svo fljótt sem nokkur kostur er. Þar verður auk hefðbundinna áherslna lögð aukin áhersla á félagslegt umhverfi vinn-unnar og að unnið verði gegn áreitni og einelti á vinnustöðum.

Reglugerð um réttindi þungaðra kvenna

Í tengslum við ný lög um fæðingar- og foreldraorlof var reglugerð um vinnuvernd þungaðra kvenna endur-skoduð. Alþýðusambandið kynnti efni þeirrar reglugerðar sérstaklega í kynningarriti um lögin og á upplýs-inga- og kynningarfundum um efni þeirra. Ljóst er að reglugerðin hefur þegar haft verulegar réttarbætur í för með sér fyrir fjölda þungaðra kvenna og ætla verður að svo verði enn frekar í framtíðinni eftir því sem þekking á reglugerðinni og efni hennar verður meiri.

ATVINNUMÁL

Ástand atvinnamála var nokkuð til umræðu hjá Alþýðusambandinu í byrjun árs 2001. Í febrúar gerði mið-stjórn ASÍ tvær ályktanir um atvinnumál. Önnur var um atvinnumál á landsbyggðinni, hin fjallaði um framtíð skipasmíðaiðnaðarins á Íslandi.

Atvinnumál á landsbyggðinni

Miðstjórn ASÍ ályktaði vegna atvinnumála á landsbyggðinni 7. febrúar 2001. Þar segir m.a.:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir áhyggjum af uppsögnum fiskverkafólks og þeim áhrifum sem verkefnaskortur í landvinnslu hefur á aðrar starfsgreinar, atvinnustigið almennt og framtíð fjölda byggðalaga í landinu.

Miðstjórn ASÍ bendir á að ekki sé hægt að kenna langtímaþróun í atvinnugreininni um þau áföll sem dunið hafa yfir fiskverkafólk og sjávarbyggðir að undanförunu. Tækninýjungum við vinnslu, sem kalla á minna vinnuafli, og annarri slíkri þróun þarf að mæta með framtíðarsýn. Beita þarf aukinni þekkingu til verðmætasköpunar með fullvinnslu aflla, markaðssetningu og sölu á hugviti og tæknibúnaði í sjávarútvegi.

Sá bráðavandi sem landvinnslan stendur nú frammi fyrir víða um land er annars eðlis og snýst öðru fremur um að tryggja lífvænlegum fyrirtækjum, sem skapa bæði atvinnu og verðmæti, aðgang að hráefni til vinnslu.

Þau rekstrarskiyrði sem landvinnslan býr við eru ákvörðuð með lögum og stjórnvaldsaðgerðum. Hafi þau í för með sér að verðmætar fjárfestingar í atvinnutækjum standa ónyttar, að sérmenntað starfsfólk gangi atvinnulaust og grundvelli heilu byggðalaganna sé stefnt í voða, er ekki hjá því komist að spyrja um atvinnu- og byggðastefnu stjórnvalda.“

Framtíð skipaiðnaðar stefnt í voða

Miðstjórn ASÍ mótmælti þann 21. febrúar 2001 ákvörðun Ríkiskaupa um að taka tilboði pólskra skipasmíða-stöðva í viðgerðir á varðskipunum Ægi og Tý. Ríkiskaup taldi sig vera að taka lægsta tilboði en ýmsir hafa dregið þá niðurstöðu í efa. Bent hefur verið á að forsendur Ríkiskaupa séu sumar vafasamar og að þær séu vanreiknaðar. Þessu til viðbótar hefur verið bent á að í samanburði Ríkiskaupa á tilboðum sé ekki tekið tillit til þjóðhagslegs ávinnings af því að semja við íslenska aðila. Í því sambandi þarf að taka tillit til nokkurra atriða. Í fyrsta lagi kennir reynslan okkur að yfirleitt þarf að lagfæra skip eftir breytingar og viðgerðir erlendis. Í öðru lagi er skipaiðnaðurinn í hættu hérlendis vegna verkefnaskorts. Það gæti orðið til þess að hann legðist af, með ómældum kostnaði fyrir þjóðarþúið til lengri tíma. Í þriðja lagi er ekki tekið tillit til þeirra margfeldisáhrifa sem það hefði að vinna verkið hér heima. Ríki og sveitarfélög verða af skatttekjum og margs konar annar þjóðhagslegur virðisauki er vanreiknaður. Mat manna var að dæmið hafi ekki verið reiknað til enda.

Ýmsir aðilar mótmæltu ákvörðun ríkisins. Aðalfundur Félags járníðnaðarmanna mótmælti henni harðlega og sama hafa Samiðn og Samtök iðnaðarins gert. Í samþykkt miðstjórnar ASÍ sagði m.a.:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands varar við því að framtíð skipaiðnaðarins í landinu sé stefnt í hættu. Hverfi þekking og hæfni á sviði skipasmíða og –viðgerða hér á landi vegna útflutnings allra stærri verkefna mun það hafa alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir skipaútgerð í landinu og þjóðarþúið í heild. [...] Þetta mál og þögn iðnaðarráðherra vekur spurningar um stefnu stjórnvalda í atvinnumálum heilu starfsgreinanna. Hvers virði er það útgerðarþjóðinni að hér fái þrífist skipaiðnaður þar sem til staðar er verkþekking og hæfni til að sinna bæði nýsmíðaverkefnum og viðhaldi?“

FRAMKVÆMD EES-SAMNINGSI NS

Sá þáttur í starfi Alþýðusambands Íslands sem tengist Evrópusamstarfinu og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hefur orðið stöðugt mikilvægari þáttur í starfsemi. Áhrifin eru bæði bein og óbein. Þau birtast ekki síst í þeim þætti starfsins sem snýr að gildistöku tilskipana og reglna ESB á sviði félags- og vinnu- markaðsmála. Það er enda ljóst að reglur á íslenskum vinnumarkaði og réttindi launafólks byggja í stöðugt ríkari mæli á þróuninni í Evrópu á þessu sviði. Þessi þróun er í samræmi við það sem að var stefnt með EES samningnum og hefur að mati ASÍ falið í sér miklar réttarþætur fyrir íslenskt launafólk.

Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna EES

Á vettvangi nefndarinnar er fylgst með nýjum reglum á sviði félags- og vinnumarkaðsmála á Evrópuvísu og undirbúningi undir gildistöku þeirra hér á landi. Veturinn 2000 til 2001 hefur nefndin einkum fjallað um gildistöku tilskipunar um aðilaskipti að fyrirtækjum, tilskipun um útsenda starfsmenn, tilskipun um hlutastörf, tilskipun um tímabundna ráðningarsamninga, ákvörðun um stofnun samráðsnefndar starfsgreina, tilskipun um jafnræði án tillits til kynþátta og ætternis og tilskipun um breytingar á gildissviði vinnutímatilskipunarinnar. Nánar verður vikið að þessum tilskipunum hér á eftir.

Í byrjun maí áttu fulltrúar í nefndinni ásamt fulltrúum úr Ráðgjafarnefnd EFTA fund með starfsmönnum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) þar sem fjallað var um starfsemi ESA og framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hér á landi á sviði félags- og vinnumarkaðsmála. Fram kom á fundinum að rekstur samningsins hefur í öllum aðalatriðum gengið eins og til var stofnað í þessum málaflokki. Þá kom jafnframt fram vilji Eftirlitsstofnunarinnar og aðila vinnumarkaðarins til að eiga reglulega skoðanaskipti og gefa aðilum vinnumarkaðarins hér á landi tækifæri til að koma athugasemdum sínum og ábendingum á framfæri við stofnunina á sameiginlegum fundum þessara aðila.

Í tengslum við undirbúning málstofu utanríkis- og félagsmálaráðuneytisins 30. maí nk. um atvinnustefnuna á Evrópuvísu var haft samráð við fulltrúa ASÍ í samráðsnefndinni og mun hann ásamt fulltrúa Samtaka atvinnulífsins verða með innlegg á fundinum.

Vinnutímatilskipunin og framkvæmd hennar

Allt frá því samningum aðila vinnumarkaðarins um gildistöku vinnutímatilskipunarinnar í lok árs 1996 og byrjun árs 1997, hefur Alþýðusambandið lagt áherslu á að gildistakan yrði styrkt með lögleiðingu meginreglna tilskipunarinnar. Þá hefur ASÍ lagt áherslu á að við lögleiðingu meginreglnanna yrði tekið tillit til útvíkkunar gildissviðs tilskipunarinnar sem nú hefur verið ákveðin. Skemmst er frá því að segja að frumvarp um breytingar á vinnuverndarlögunum þessa efnis var lagt fram á Alþingi nú í vetur sem náði ekki fram að ganga. ASÍ gagnrýndi fjölmarga þætti frumvarpsins og benti á nauðsyn þess að það yrði lagfært í nokkrum mikilvægum atriðum. Þá benti ASÍ á að ekki væri tekið tillit til útvíkkunar tilskipunarinnar í frumvarpinu. Nánar er fjallað um þennan þátt undir kaflanum um vinnuvernd.

Fulltrúi ASÍ hefur starfað í samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins hjá ríki og sveitarfélögum um framkvæmd vinnutímasamningsins. Nokkur álitamál hafa komið til úrskurðar í nefndinni. Þá gaf nefndin út leiðbeiningar um framkvæmd vinnutímasamningsins í febrúar sl. Leiðbeiningar voru sendar aðildarfélögum ASÍ.

Tilskipanir um réttindi starfsmanna í hlutastörfum og með tímabundnar ráðningar og fleira

Tilskipanirnar um réttindi starfsmanna í hlutastörfum og með tímabundnar ráðningar eru báðar byggðar á kjarasamningum sem náðust á Evrópuvísu á milli samtaka launafólks og atvinnurekenda. Markmið þessara tilskipana er að treysta réttarstöðu launafólks sem býr við framangreind ráðningarform. Tilskipunin um hlutastörf átti að taka gildi í byrjun árs 2000 og tilskipunin um tímabundnar ráðningar á að taka gildi í síðasta lagi á árinu 2001.

Mikið hefur verið fjallað um efni og gildistöku þessara tilskipana hér á landi, bæði á vettvangi samráðsnefndarinnar og í viðræðum aðila vinnumarkaðarins. Á árinu 2000 fól Félagsmálaráðuneytið aðilum vinnumarkaðarins að hefja viðræður um gildistöku tilskipunar nr. 97/81/ESB um rammisamninginn um hlutastörf og tilskipun 1999/70/ESB um tímabundna ráðningarsamninga. Þær viðræður leiddu ekki til niðurstöðu. ASÍ lagði til, að samhliða yrðu teknar til meðferðar tilskipanir 91/533/ESB um skriflega staðfestingu ráðningar og 96/71/ESB um útsenda starfsmenn. Allar ofangreindar tilskipanir ber að gildistaka á EES-svæðinu. Tilskipanir þessar eru mikilvæg staðfesting á réttindum launafólks á Íslandi. Tilskipun 91/533/ESB um skriflega staðfestingu ráðningar var tekin að forminu til í gildi hér á landi með kjarasamningi. Eftir honum er ekki farið og til undantekninga heyrir á almennum vinnumarkaði að ráðning sé staðfest skriflega. ASÍ telur að gildistaka beri tilskipanir þessar í einu lagi með breytingu á lögum nr. 55/1980 og hefur þegar unnið drög að slíku frumvarpi. Eftir því var ekki farið og á vörþingi 2001 varð að lögum frumvarp til laga um útsenda starfsmenn sem ASÍ mat þannig að ekki væri um fullnægjandi gildistöku að ræða. ASÍ hefur itrekað óskað eftir því að samþykkt ILO nr. 158/1982 um uppsagnir verði staðfest af Íslands hálfu. Samþykkt þessi hefur að hluta þegar öðlast gildi hér á landi m.a. í lögum um aðilaskipti að fyrirtækjum, lögum um hópuppsagnir o.fl. en ekki öðlast gildi m.a. hvað varðar rökstuðning uppsagna. ASÍ telur brýnt að þessi 19 ára gamla samþykkt Alþjóða vinnuástandofnunarinnar verði staðfest af Íslands hálfu sem allra fyrst.

Skemmst er frá því að segja að þrátt fyrir itrekaðar viðræður við Samtök atvinnuulfsins og óskir félagsmálaráðuneytisins um að aðilar vinnumarkaðarins leituðu samninga um gildistöku tilskipananna tveggja hefur ekkert þokað. Í ljósi þess sendi ASÍ félagsmálaráðuneytinu bréf, þar sem það skilaði til ráðuneytisins umboði sínu til að leita samninga um gildistöku tilskipananna um hlutastörf og tímabundna ráðningarsamninga. Þá segir að í ljósi framanritaðs leggi ASÍ til að fullgildingunni allra fjögurra tilskipananna, sem áður eru nefndar, verði hraðað og byður ASÍ fram aðstoð sína til þess að svo megi verða.

Tilskipun um útsenda starfsmenn

Tilskipunin, sem ætlað er að skýra og treysta réttarstöðu starfsmanna, sem eru sendir af fyrirtæki sem þeir starfa hjá tímabundið til annarra landa í tengslum við veitingu þjónustu, átti að taka gildi hér á landi fyrir lok árs 1999. Drög að frumvarpi um gildistöku tilskipunarinnar hafa lengi verið í vinnslu og hefur ASÍ komið að þeim á öllum stigum málsins. Frumvarp var síðan lagt fram á þingi veturinn 2000. Í umsögn ASÍ segir m.a.:

„Þá aðferðafræði sem lagt er til að beitt verði við gildistöku tilskipunar 96/71/EB og birtist í því frumvarpi sem til umsagnar er, má draga í efa. Því má með gildum rökum halda fram að ófugt sé að farið og jafnframt að langt sé farið yfir skammt. Frumvarpið má túlka þannig að það geti takmarkað með almennum hætti réttindi útsendra starfsmanna sem skv. gildandi lögum njóta í grundvallaratriðum sömu réttinda og aðrir starfsmenn inni þeir störf sín af hendi hér á landi. Það er meginregla hér á landi að umsamin laun og önnur starfskjör launafólks skv. kjarasamningum eru lágmarkskjör sem einstakir launamenn geta ekki samið sig frá. Þetta birtist í 1.gr. l. 55/1980 eins og alkunna er. Lögin gilda um allt launafólk sem starfar á Íslandi, hvort heldur launagreiðandi er íslenskur eða erlendur, hvort heldur hann hefur staðfestu á Íslandi, á EES-svæðinu eða annarsstaðar.“

Umsögninni fylgdi síðan heildstæð tillaga um lögleiðingu tilskipunarinnar. Ný lög um útsenda starfsmenn voru samþykkt frá Alþingi fyrir þinghlé í maí 2001.

Tilskipun um aðilaskipti af fyrirtækjum

Tilskipuninni er ætlað að treysta frekar stöðu starfsmanna við aðilaskipti af fyrirtækjum en með tilskipuninni er verið að tryggja að starfsmenn haldi réttindum sínum við breytingar á eignarhaldi eða rekstarformi fyrirtækja. Tilskipunin á að taka gildi hér á landi í síðasta lagi um mitt ár 2001. Hér að framan var fjallað um tillögur ASÍ varðandi þessa tilskipun.

Drög að frumvarpi til breytingar á nügildandi lögum um aðilaskipti hafa verið í vinnslu í félagsmálaráðuneytinu og hefur Alþýðusambandið sett fram tillögur og ábendingar um efni þeirra. ASÍ leggur áherslu á að tilskipunin verði lögfest sem fyrst.

ERLEND SAMSKIPTI

Erlend samskipti Alþýðusambandsins voru með hliðstæðum hætti og áður. Alþýðusambandið er virkur þátttakandi í starfi Norræna verkalyðssambandsins (NFS), Evrópusambandi verkalyðsfélaga (ETUC), Ráðgjafarnefnd EFTA, samstarfi verkalyðshreyfingarinnar á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum innan VN og á vettvangi Alþjóðavinnuástandastofnunarinnar (ILO). Þá er ASÍ aðili að samstarfi Norrænu alþýðusambandanna og jafnaðarmanna í SAMAK, ráðgjafarnefnd verkalyðshreyfingarinnar innan OECD, TUAC og Alþjóðasamtökum frjálsra verkalyðsfélaga (ICFTU).

NFS

Fulltrúi ASÍ sótti stjórnarfund NFS í nóvember 2000 og framkvæmdarstjórnarfund í mars 2001. Auk hefðbundinna verkefna var m.a. ákveðið að setja á stofn norræna vinnumarkaðsnefnd NFS sem fylgjast á með þróuninni á Norðurlöndum með sérstakri áherslu á sameiginlega Norræna vinnumarkaðinn, efnahagsmál, atvinnumál og velferðarmál. Nefndin á m.a. að undirbúa mál af ýmsu tagi fyrir norrænu ráðherranefndina.

Þá sótti fulltrúi ASÍ tvo fundi Evrópunefndar NFS, í desember 2000 og mars 2001. Auk hefðbundinna verkefna, sem lúta að undirbúningi undir framkvæmdastjórnarfundum ETUC, var á fyrri fundinum einkum fjallað um árangurinn af leiðtogafundi ESB í Nice.

ETUC

Fulltrúi ASÍ sótti fundi framkvæmdarstjórnar ETUC í desember 2000 og mars 2001. Á þessum fundum var m.a. fjallað um niðurstöður leiðtogafundar ESB í Nice, sem olli miklum vonbrigðum, og væntanlegan leiðtogafund í Stokkhólmi. Þá var fjallað um stækkun ESB en af hálfu Evrópskrar verkalyðshreyfingar hefur verið lögð áhersla á að aðlögunarfrestir umsóknarríkjanna varðandi félagsmálin verði sem stystir og jafnframt sveigjanlegir m.v. aðstæður. Einnig var fjallað um stöðu kjarasamninga á Evrópuvísu sem nú eru í miklu uppnámi.

Samningar á Evrópuvísu um réttarstöðu starfsmanna hjá ráðningarfyrtækjum

27. júní 2000 hófust í Brussel samningaviðræður á milli samtaka launafólks (ETUC) og atvinnurekenda (UNICE/CEEP) á Evrópuvettvangi um tímabundin störf á vegum ráðningarfyrtækja (Temporary Agency Work). Um er að ræða 3. lotu samninga framangreindra aðila um það sem kallað hefur verið „óhefðbundin“ störf eða ráðningarsamband, en þegar hafa náðst samningar um hlutastörf og tímabundna ráðningarsamninga sem gerðir hafa verið bindandi fyrir öll aðildarríki EES og taka eiga gildi hér á landi á næstunni.

Viðræðurnar komu í framhaldi af samráði framkvæmdarstjórnar ESB og aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu og byggja á ákvæðum 138. og 139. gr. Rómarsáttmálans um möguleika aðila vinnumarkaðarins til að semja um reglur á vinnumarkaði í Evrópu. Þannig má reikna með að náist samningar verði þeir gerðir bindandi fyrir ESB (EES) með tilskipun.

Viðfangsefni samninganna var form á ráðningarsambandi sem hefur farið mjög vaxandi á síðustu árum víða í Evrópu og um heim allan, en er ennþá lítið þekkt hér á landi. Um er að ræða þriðja samband launamanns sem ráðinn er hjá ráðningarfyrtækki/vinnumiðlun, sem síðan leigir starfsmanninn áfram til þriðja aðila (notkunarfyrtækis) til tímabundinna starfa. Ljóst er að það form á ráðningarsambandi sem hér um ræðir getur skapað og skapar margvísleg álitæfni og óvissu varðandi réttarstöðu launamannsins, gagnvart ráðningarfyrtækkinu (sem ræður hann) annars vegar og notkunarfyrtækkinu (þar sem hann starfar) hins vegar. Þetta gildir hvað varðar launin sjálf og margskonar réttindi önnur, eins og lífeyrisréttindi, ýmis réttindi sem tengjast starfsaldri, rétti til endur- og eftirmenntunar og rétti og möguleikum til virkrar þátttöku í starfi stéttarfélaga á viðkomandi vinnustað.

Á samningafundi í lok febrúar slitnaði upp úr viðræðunum um réttarstöðu starfsmanna ráðningarfyrtækja. Jafnframt var ákveðið að óska eftir framlengingu á þeim tíma sem framkvæmdastjórn ESB hafði gefið til viðræðnanna. Tilgangurinn með því að fá frest var að samninganefndir ETUC og UNICE/CEEP gætu ráðfært sig við forystu samtaka sinna og gengið úr skugga um að það sé sátt um störf þeirra. Þetta breytti engu og samningsaðilar skiluðu inn samningsumboði sínu. Af hálfu samtaka launafólks (ETUC) hefur komið skýrt fram að slitnað hafi upp úr viðræðunum vegna stífnu atvinnurekenda og að þeir hafi aldrei ætlað sér að semja um málið. Þá hefur ETUC óskað formlega eftir því að Evrópusambandið samþykki tilskipun um málið.

Samningar á Evrópuvísu um fjarvinnu og launaverktöku?

Í lok júní árið 2000 sendi framkvæmdastjórn ESB aðilum vinnumarkaðarins á Evrópuvísu, samtökum launafólks (ETUC) og atvinnurekenda (UNICE/CEEP) erindi til að kanna vilja þessara samtaka til að gera samevrópskan kjarasamning um grundvallarreglur varðandi fjarvinnu sem fellur utan hefðbundinna kjarasamninga (telework) og um launaverktöku (economically dependent work). Hér var um svokallað fyrsta stig í samráði við aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu að ræða. Þar voru sett fram viðhorf framkvæmdarstjórnar ESB og lýst eftir viðhorfum aðila vinnumarkaðarins og vilja til að semja um fjarvinnu og launaverktöku.

Í framhaldi af svörum aðila vinnumarkaðarins, þar sem samtök launafólks (ETUC) lýstu yfir vilja sínum til samninga um fjarvinnu, en óskuðu eftir frekari skýringum varðandi launaverktökuna, hefur framkvæmdastjórn ESB nú hafið annað stig samráðsins. Þar er kannaður vilji aðila til að semja um fjarvinnu, en þó þannig að samningarnir yrðu ekki gerðir bindandi með tilskipun á Evrópuvísu. Þá er lagt til að aðilar vinnumarkaðarins í samstarfi við framkvæmdastjórnina rannsaki frekar stöðu og eðli launaverktökunnar.

Í svari ETUC til framkvæmdastjórnarinnar frá 15. maí sl. er því fagnað að talin sé sérstök þörf á að móta reglur og treysta réttarstöðu starfsmanna í fjarvinnu. Um leið harmar ETUC að ekki sé gert ráð fyrir bindandi samningum með sama hætti og áður og telur nauðsynlegt að fjallað verði sérstaklega um stöðu slíkra samninga áður en ákvörðun er tekin um það hvort ETUC sé tilbúið til að hefja slíkar samningaviðræður. Hvað varðar frekari rannsókn á stöðu og eðli launaverktökunnar lýsir ETUC yfir vilja sínum til að taka þátt í slíku.

Upplýsingar og samráð

Nú um margra ára skeið hefur verið í undirbúningi tillaga að tilskipun um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs. Um er að ræða reglur sem tryggðu starfsmönnum í fyrirtækjum með fleiri en 50 starfsmenn rétt til ákveðinna upplýsinga um stöðu og framtíðaráform fyrirtækisins sem þeir starfa hjá og rétt til samráðs um þau efni. Vonir höfðu staðið til að tilskipunin yrði sett á dagskrá og afgreidd á fyrri hluta þessa árs. Nú liggur fyrir að þessi tilskipun verður tæplega afgreidd fyrr en á árinu 2002.

Vinumarkaðsnefnd ETUC

Á vettvangi nefndarinnar var áfram unnið að upplýsingaöflun og úrvinnslu sem miðar að því að móta sam-evrópska nálgun við kjarasamningagerð. Þá hefur nefndin hafið umfjöllun um sveigjanleg launakerfi, einkenni þeirra, kosti og galla. Loks hefur nefndin verið að undirbúa rafrænt fréttabréf um kjaramál í Evrópu. Slóðin er <http://www.etuc.org/ETUI/Publications/CB/>

NETLEX

Lögfræðingur ASÍ sótti ráðstefnu lögfræðinga aðildarsamtaka ETUC í Vilnius 30.11. til 2.12. 2000. Í fyrsta hluta ráðstefnunnar var farið yfir reynsluna af tilskipuninni um hópuppsagnir og hvort taka þyrfti hana upp til endurskoðunar í ljósi reynslunnar. Tvennt stóð upp úr þ.e. hvað átt væri við þegar tilskipunin segir að taka skuli upp viðræður við fulltrúa starfsmanna „svo fljótt sem auðið er“ með það fyrir augum að ná „samkomulagi“ (5.gr. laga 63/2000). Hvað hið fyrra varðar liggur ekki fyrir túlkun á því við hvað sé nákvæmlega átt og þarfnast það skýrara innihalds og því verður vart náð öðruvísi en með breytingum á viðeigandi tilskipun. Fjallað var einnig um það hvers konar samningur „samkomulag“ það er sem fulltrúar starfsmanna eiga að ná við atvinnurekanda sem ihugar hópuppsögn og hvort um sé að ræða ígildi kjarasamnings en Franskir dómstólar hafa staðfest að hópuppsögn geti verið ólöglegt sé slíkt samkomulag bersýnilega efnislítið og lítils virði. Bæði þessi mál eru flókin því samráð og samkomulag búa ekki til störf í stað þeirra sem hverfa og spurning hvort ná megi betri árangri með samfelldu streymi upplýsinga sem haft geti áhrif á fjölda starfa og réttindi launafólks og greiðari aðgang fulltrúa starfsmanna að upplýsingum eins og t.d. að tilkynningum til samkeppnisyfirlalda og verðbréfamarkaða o.fl.

Í öðrum hluta ráðstefnunnar var fjallað um áreitni, mismunun og einelti á vinnustöðum. Í þeim erindum sem flutt voru var annarsvegar reynt að skilgreina hvað í ofangreindu felist jafnframt því sem farið var yfir þau hugsanlegu lagalegu úrræði sem þolendum og/eða verkalyðsfélögum standa til boða. Spurning er hvort að þörf sé á sérstakri tilskipun um þessi mál en bein ákvæði í lögum og úrræði eru fá en helst að leita í vinnuverndarlöggjöf, hegningarlögum og almennum reglum vinnuréttarins. Ljóst er þó að áfram verður sönnunarstaðan erfið.

Í þriðja hluta var fjallað um félagsleg grundvallarréttindi í ESB, sameiginlegar kærur vegna brota á Félagsmálasáttmála Evrópu og um gráa svæðið milli launafólks og sjálfstæðra atvinnurekanda. Fram kom að um er að ræða sameiginlegt og vaxandi vandmál sem vex með aukinni fjölbreytni samninga og auknum sveigjanleika á vinnumarkaði. Í könnun ítalskra félagsfræðinga sem kynnt var kom fram að sá hópur sem velur „gráa“ stöðu á vinnumarkaði hafi sérstaka hugmyndafræði sem ráði þessu vali meðan einnig komu fram gögn um að atvinnurekendur geri beinlínis kröfu um að viðkomandi sé í stöðu „verktaka“ en ekki „launamanns“. Fram kom að eindregin andstaða verkalyðshreyfingarinnar hafi á stundum hrakið þennan hóp burt í stað þess að ná til hans en gerð var grein fyrir reynslu Hollendinga af hinu gagnstæða.

Í fjórða og síðasta hluta ráðstefnunnar var fjallað um það hvernig ríkjum A-Evrópu og þeim ríkjum öðrum sem eru í biðröðinni að ESB hefur gengið að gildistaka hinar ýmsu tilskipanir um réttindi launafólks, vinnuvernd o.fl. Þær upplýsingar sem fram komu og þær umræður sem áttu sér stað settu allt efni síðustu daga þar á undan í nokkuð sérstakt ljós enda aðstæður launafólks á þessum svæðum mjög ólíkar aðstæðum innan ríkja ESB.

Ráðgjafarnefnd EFTA

Á vettvangi Ráðgjafarnefndarinnar hefur m.a. verið unnið að umsögnum um ýmis viðfangsefni Evrópusamstarfsins, auk þess sem Ráðgjafarnefndin hefur fjallað um Evrópuþróunina og stöðu EES samningsins sérstaklega. Ráðgjafarnefndin hefur ályktað sérstaklega um innri markaðinn í Evrópu, norrænu víddina í Evrópusamvinnunni og umhverfismál. Þá hefur Ráðgjafarnefndin í samstarfi við Efnahags- og félagsmálanefnd ályktað um Félagsmálastefnu ESB, um stækkun Evrópusambandsins og Evrópu og upplýsingasamfélagið.

Alþjóða vinnumálastofnunin (ILO)

Fulltrúi ASÍ sótti 6. svæðaráðstefnu ILO um málefni vinnumarkaðarins í Evrópu dagana 12.-15.12. 2000. Fyrir ráðstefnunni lágu tvær skýrslur. Annars vegar „Hnattvæðing Evrópu - Sómasamleg störf í upplýsingasamfélaginu“ og hins vegar „Sómasamleg störf í Evrópu og Mið Asíu - Skýrsla um starfsemi ILO 1995-2000.“

Í þeirri fyrri kemur fram að framrás upplýsingatækninnar (UST) verði ekki snúið við en hægt sé að minnka bilið milli þeirra sem hafa þekkingu og þeirra sem hafa ekki. Þar skipta aukin menntun og menntunarræði mestu því skortur á störfum við hæfi leiðir til fólksflutninga til þeirra svæða þar sem slík störf er að finna og hins vegar leiðir UST til þess að störfín séu færð þangað sem hæft vinnuafli er að finna. Samræma þurfi þjálfun og fjárfestingu þannig að því fylgi félagslega og efnahagslega traust skipulag á vinnumarkaði í Evrópu. Í UST felast einnig möguleikar til þess að auka þátttöku þeirra sem nú eru útilokaðir frá þátttöku í efnahagslífinu og samfélaginu almennt. Til dæmis standa aldraðir ekki bara frammi fyrir því að glata hæfni heldur almennt frammi fyrir því að einangrast. Erfitt er fyrir konur með fjölskylduábyrgð að samræma hana við atvinnuþátttöku og hreyfihamlaðir einstaklingar standa einnig frammi fyrir útilokun. Hvaða ráðstöfunum er sérstaklega hægt að beina að þessum hópum til þess að tryggja þeim virkari þátttöku í samfélaginu? Af hálfu bæði atvinnurekenda og launafólks kom fram að ILO þurfi að leggja sig fram um að aðstoða samtök launafólks og atvinnurekenda við að notfæra sér þau tækifæri sem UST býður þeim upp á og tryggja einnig á hverjum tíma að þessi samtök hafi í raun umboð til þess að taka þátt í „Félagslegu viðræðunum“.

Seinni skýrslan fjallar um „Sómasamleg störf í Evrópu og Mið-Asíu og um starfsemi ILO 1995-2000.“ Í fyrri hluta hennar er farið yfir þróunina í Evrópu og Mið-Asíu. Hvað varðar Vestur-Evrópu er m.a. farið yfir þann árangur sem náðst hefur í baráttunni gegn atvinnuleysi, sérstaklega í minni ríkjum meðan atvinnuleysi er ennþá mikið í stærri ríkjum. Einnig er þar fjallað um fjölgun starfa í þjónustu og um leið óhefðbundin vinnurettarsambönd, stöðu kvenna, félagslegu viðræðurnar, félagslega vernd og vaxandi útgjöld til heilbrigðismála. Í þessum kafla er einnig farið yfir stöðuna í ríkjum Austur-Evrópu og Mið-Asíu með svipuðum hætti þó áherslan liggja eðli máls samkvæmt öllu fremur á þeim stórfelldu verkefnum og vandræðum sem fylgja uppbyggingu þessara ríkja, fólksflotta og atvinnuleysi. Í seinni hluta skýrslunnar er farið yfir verkefni ILO og tengsl þeirra í einstökum löndum. Farið er yfir tengslin við Evrópusambandið og starf þess að sömu verkefnum, vinnumarkaðsstefnunna, stöðu félagsmála, félagslegu- og þríhliðaviðræðurnar og stöðu viðurkenningar á grundvallarréttindum verkalyðshreyfingarinnar. Í umræðunum kom fram að þrátt fyrir að fjölmörg þessara ríkja hafi staðfest hinar aðskiljanlegu samþykktir og sett lög, þá sé ennþá langt í land með að raunveruleg staða sé í samræmi við það sem samþykkt eða staðfest hefur verið. Við undirbúning og í umræðum kom fram af hálfu launafólks, að meginverkefnið sé að koma í veg fyrir að ILO leggi aðaláhersluna á grundvallarsamþykktirnar eingöngu og að áherslan komi á aðrar samþykktir einnig, sérstaklega með tilliti til þess að sá árangur sem náðst hefur í þróaðri hluta Evrópu glatist ekki við flutning starfa til A-Evrópu og Mið-Asíu, nokkuð sem ekki verður komið í veg fyrir í efnahagslífi heimsins í dag. Í umræðum kom einnig fram að atvinnurekendur virðast telja sig hafa óeiginlegt neitunarvald um staðfestingu aðskiljanlegra samþykktar sem samþykktar hafa verið með meirihluta atkvæða á þingum ILO.

Alþjóða vinnuálagstofnunin (ILO) – Norrænt samstarf.

Að venju sótti fulltrúi ASÍ samráðsfundi fulltrúa norrænu verkalyðshreyfingarinnar innan ILO og einn slíkur var haldinn hér á landi. Þar var lögð lokahönd á aðra norrænu skýrsluna um fullgildingu ILO-samþykktar á Norðurlöndunum og mun hún koma út nú fyrir part sumars.

SAMAK

Fulltrúi ASÍ sótti ársfund SAMAK í mars 2001. Á fundinum var m.a. fjallað um stöðu mannréttindamála og afstöðu norrænu verkalyðshreyfingarinnar. Einnig var gerð grein fyrir vinnu á vettvangi SAMAK að framtíðarsýn um velferðarmál. Áfram er unnið að stefnumótun SAMAK í þessum málaflokki.

Starf alþjóðanefndar ASÍ

Á 39. þingi ASÍ í nóvember 2000 kom fram mjög ákveðinn vilji til þess að Alþýðusambandið hefði forystu í umræðunni um Evrópusamstarfið í félags- og vinnumarkaðsmálum og stuðlaði að því að spurningin um aðild að ESB og skilgreining á samningsmarkmiðum komist fyrir alvöru á dagskrá hér á landi.

Í ljósi þess sem að framan greinir hefur alþjóðanefnd ASÍ sett upp fundaröð til að undirbúa þessa vinnu. Á fyrsta fundinum, sem haldinn var í byrjun maí og opinn var áhugafólki innan ASÍ, var fjallað sérstaklega um þróun og stöðu félags- og vinnumarkaðsmálanna í Evrópusamstarfinu. Í lok maí munu fulltrúar frá ASÍ taka þátt í umræðu um atvinnuálagstefnu ESB og stöðu Íslands í því sambandi. Haustið 2001 er síðan fyrirhugaður fundur um stöðu EES samningsins og þá kosti sem verkalyðshreyfingin og Íslendingar standa frammi fyrir í Evrópusamvinnunni. Þá er fyrirhugað að heimsækja stofnanir EFTA og ESB til að fjalla sérstaklega um spurningar um þessi sömu viðfangsefni. Loks hefur verið rætt um að halda stóra ráðstefnu veturinn 2001 til 2002 til að fjalla um framtíð Evrópusamvinnunnar og afstöðu Alþýðusambandsins.

SKIPULAGSMÁL OG LAGABREYTINGAR

Frá 39. þingi ASÍ og fram að ársfundi 2001 bárust laganeftnd ASÍ til umsagnar 20 lagabreytingar aðildarfélagi. 16 var lokið með umsögn og staðfestingu miðstjórnar. 14 lagabreytingar biðu umsagnar þegar nefndin tók til starfa og lauk 6 þeirra með umsögn og staðfestingu í miðstjórn. 12 lagabreytingar biðu umsagnar. Þar af eru 7 lagabreytingar er varða lög aðildarfélagi Samiðnar en skömmu eftir 39. þing ASÍ fóru af stað viðræður milli Starfsgreinasambands Íslands og Samiðnar á grundvelli ákvæða laga ASÍ um samstarfs-samninga. Viðræður eru í gangi vegna staðfestingar á aðild og lögum Félags íslenskra simamanna og 3 lagabreytingar eru til umsagnar hjá viðeigandi landssamböndum.

Í febrúar 2001 breytti Bifreiðastjórafélagið Sleipnir lögum sínum á þann veg að félagið hyggst gerast landsfélag allra ökumanna með aukin ökuréttindi. Í þessari breytingu felst bæði vikkun á samnings- og félagssvæði. Málið er til meðferðar í laganefnd en nýlega var haldinn sameiginlegur fundur forsvarsmanna Sleipnis, laganefndar og skipulags- og starfsháttanefndar.

Í byrjun janúar var lögð fram í miðstjórn greinargerð um réttarstöðu stéttarféлага með beina aðild að ASÍ. Í henni segir:

„Það er niðurstaða mín, að öll þau félög sem áttu aðild að ASÍ fyrir gildistöku nýrra laga missi ekki sjálfkrafa eftir gildistöku þeirra aðild að sambandinu. Hins vegar sé jafnljóst að þau geti ekki án breytinga á stöðu sinni átt áframhaldandi aðild að ASÍ. Vegna gildistöku nýrra laga þarf miðstjórn ASÍ að taka upp viðræður við stjórnir allra féлага með beina aðild sem ekki geta talist uppfylla skilyrði um að vera landsfélög. Markmið þeirra viðræðna verði að fá stjórnir félaganna til þess að grípa til nauðsynlegra ráðstafa sem tryggja geti félaginu eða félagsmönnum þess áframhaldandi aðild að ASÍ eða félögum innan þess. Leiði þær viðræður ekki til niðurstöðu ber miðstjórn ASÍ að grípa til nauðsynlegra ráðstafana og er m.a. heimilt að láta fara fram bindandi allsherjaratkvæðagreiðslu um sameiningu við annað félag eða aðild að landssambandi.“

Í hópi þeirra laga sem staðfest voru í miðstjórn að fenginni umsögn laganefndar voru lög 5 féлага á Vestfjörðum sem áttu beina aðild að ASÍ en hafa nú skipað sér undir merki Starfsgreinasambandsins. 3 félög á Vestfjörðum hafa ekki komið aðildarmálum sínum í rétt horf. Þeim hefur verið ritað bréf af því tilefni og eru aðgerðir fyrirhugaðar með haustinu hafi aðildarmál þeirra ekki þá verið lagfærð. Formaður Starfsgreinasambandsins og lögfræðingur ASÍ heimsóttu öll þessi félög haustið 2000.

Viðræður við BSRB

Á síðustu vikum hafa forystumenn Alþýðusambands Íslands og BSRB átt með sér fundi um samskipti þessara sambanda og aðildarféлага þeirra og framtíðarsýn. Á þessum fundum hefur verið fjallað um þau ágreiningsmál sem komið hafa upp á milli aðildarféлага ASÍ og BSRB um samningssvið og félagsaðild og hvernig megi taka á og leysa slík ágreiningsmál. Þá hefur einnig verið fjallað um möguleika á nánara samstarfi þessara heildarsamtaka á ýmsum sviðum sem snerta hagsmuni aðildarféлага ASÍ og BSRB og félagsmanna þeirra.

Á síðasta fundi þessara aðila var ákveðið að stefna að gerð sameiginlegrar viljayfirlýsingar um samstarf sem hafi að markmiði að teknað verði upp formlegar viðræður á milli heildarsamtakanna um félagsaðildarmál og samstarf á því sviði. Markmiðið væri að ná samkomulagi um það hvernig komast megi hjá því að aðildarfélag þessara sambanda séu að deila um félagsaðild fyrir dómstólum. Eða í það minnsta leggja til ákveðinn sattaferil sem ágreiningsmál fari í áður en kemur að dómstólum. Þá verði jafnframt lýst yfir vilja til að taka upp viðræður á milli fulltrúa þessara heildarsamtaka um það með hvaða hætti framtíðarskipan verkalyðs-hreyfingarinnar og þá m.a. um möguleika á frekara samstarfi ASÍ og BSRB.

STARFSEMI OG SKIPULAG Á SKRIFSTOFU ASÍ

Starfsemi skrifstofu ASÍ hefur frá árinu 1997 byggst á starfs- og fjárhagsáætlun sem samþykkt er af miðstjórn ASÍ. Í starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2000 og 2001 voru eins og áður lagðar línur fyrir starfsemi skrifstofunnar og henni markaður fjárhagsrammi.

Hvað varðar starfsemina á skrifstofu Alþýðusambandsins þá markaðist hún einkum af þeim viðfangsefnum sem fjallað er nánar um í þessari skýrslu. En að auki komu fjölmörg mál til kasta Alþýðusambandsins og starfsmanna þess einkum er varðar túlkun kjarasamninga, útreikninga og lög- og hagræðileg úrlausnarefni af ýmsu tagi. Þá er margháttuð upplýsingagjöf mikill og vaxandi þáttur í starfsemi skrifstofu ASÍ. Um þann þátt er fjallað sérstaklega hér á eftir.

Í lok árs 2000 var haldinn fundur með starfsmönnum og forystumönnum landssambanda og starfsmanna á skrifstofu ASÍ þar sem fjallað var um samskipti þessara aðila og sameiginlegar áherslur í starfi. Á fundinum urðu líflæg skoðanaskipti og fram komu fjölmargar ábendingar varðandi starfshætti og þjónustu skrifstofu Alþýðusambandsins sem reynt hefur verið að bregðast við. Gert er ráð fyrir að slíkir fundir verði eftirleiðis fastur liður í starfi skrifstofu Alþýðusambandsins enda mikilvægur þáttur við að greina væntingar og þarfir fyrir þjónustu sambandsins.

Starfsmenn á skrifstofu ASÍ þann 28. maí 2001

Starfsmenn Alþýðusambands Íslands voru þann 28. maí 2001 sem hér segir: Arnar Guðmundsson, kynningarfulltrúi, Ásdís G. Ragnarsdóttir, verkefnisstjóri vegna verðlagseftirlits ASÍ, Ása Jónsdóttir, gjaldkeri, Bolli B. Thoroddsen, hagræðingur, Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, Guðmundur Rúnar Árnason, ritstjóri Vinnunnar, Guðveig Elísdóttir, ræstítæknir, Halldór Björnsson, varaforseti ASÍ, Halldór Grönvold, skrifstofustjóri og sviðsstjóri Rekstrar- og upplýsingasviðs, Magnús Norðdal, lögfræðingur og sviðsstjóri Vinnuréttar- og skipulagssviðs, Rannveig Sigurðardóttir, hagræðingur og sviðsstjóri Kjara- og félagsmálasviðs, Sif Ólafsdóttir, fulltrúi og Þórunn Birgisdóttir, bókarí.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi síðustu mánuði: Ari Skúlason, framkvæmdastjóri ASÍ lét af störfum í byrjun mars. Þá var Ásdís G. Ragnarsdóttir, verkefnisstjóri ráðin frá 17. maí sl.

Skipulag skrifstofu ASÍ í endurskoðun

Á 39. þingi Alþýðusambands Íslands í nóvember 2000 var samþykkt nýtt skipulag og lög fyrir ASÍ. Samkvæmt ákvæði 20. gr. nýrra laga ASÍ ber ársfundi að samþykkja reglugerð fyrir starfsemi skrifstofu ASÍ.

Ljóst er að ný lög og skipulag fyrir Alþýðusambandið kalla á skoðun á skipulagi, starfsemi og starfsháttum á skrifstofu ASÍ með það að markmiði að tryggja sem best samhengi á milli nýs skipulags sambandsins og starfsemi á skrifstofu þess. Þá er mikilvægt að skipulag og starfshættir skrifstofu ASÍ taki mið af þeim kröfum sem gera verður til hennar og möguleikum heildarsamtaka launafólks til að hafa áhrif á umræðuna í samfélaginu og hagsmuni launafólks.

Í byrjun árs 2001 var ákveðið að efna til sérstaks verkefnis sem ætlað er að koma fram með tillögur um leiðir til að bæta skipulag og árangur skrifstofu ASÍ. Markmiðið er að skilgreina betur áherslur og verkefni skrifstofunnar og þá jafnframt verkefni og ábyrgð á starfsmanna á einstaka fagsviðum, samræma starfsemi, verkaskiptingu og samstarf við aðrar stofnanir verkalýðshreyfingarinnar. Sérstök áhersla er lögð á að skoða frekara samstarf og samvinnu á milli skrifstofu ASÍ og MFA í þessu starfi. Ákveðið var að eiga samstarf við KPMG Ráðgjöf um vinnslu verkefnisins, aðstoð og ráðgjöf.

Á fundi miðstjórnar 23. maí var samþykkt að leggja fyrir ársfund Alþýðusambands Íslands 2001 í lok maí tillögu að reglugerð um starfsemi skrifstofu ASÍ sem samanstendur að skipuriti fyrir skrifstofu ASÍ ásamt greinargerð um meginlínur skipulagsins.

Húsnæðismál ASÍ

Á fundi miðstjórnar ASÍ 21. febrúar 2001 var fjallað um húsnæðismál Alþýðusambandsins og þá kosti sem ASÍ stendur frammi fyrir í þeim efnum. Á fundinum var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands veitir hér með forseta ASÍ heimild til að vinna að húsnæðismálum Alþýðusambandsins og gera nauðsynlegar ráðstafanir með það að markmiði að fasteignir ASÍ að Grensásvegi 16 og 16A verði seldar og að byggt verði eða keypt nýtt húsnæði fyrir starfsemi Alþýðusambandsins. Mikilvægt er að framangreind vinna verði unnin í góðu samráði við MFA. Þá verði miðstjórn gerð grein fyrir þróun og stöðu málsins á hverjum tíma. Engar bindandi skuldbindingar má gera um sölu núverandi fasteigna eða kaup á nýju húsnæði nema að fengnu samþykki miðstjórnar ASÍ.“

Unnið hefur verið að því að kann skilgreina þarfir ASÍ og þá kosti sem koma til greina varðandi húsnæðismál Alþýðusambandsins og er stefnt að því að taka ákvörðun í þeim efnum á næstu mánuðum.

Útbreiðslu- og kynningarmál

Aukin áhersla hefur verið lögð á miðlun upplýsinga á rafrænu formi, bæði til aðildarféлага ASÍ og ekki síður til fjölmiðla. Dregið var úr vægi Vinnunnar í útgáfustarfi ASÍ og meiri áhersla lögð á útgáfu hagnýtra upplýsingarita um afmörkuð málefni sem nýtast aðildarfélögum og trúnaðarmönnum í sínu starfi.

Þungamiðjan í upplýsingastarfi ASÍ hefur verið á frumkvæði og þátttöku í þjóðfélagsumræðunni á hverjum tíma, t.d. með stefnumótun í velferðarmálum, ráðstefnum, fundum, blaðamannafundum, samþykktum og kynningarefni til valinna aðila.

UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

Alþýðusamband Íslands hefur veitt umsagnir um eftirfarandi mál sem lögð voru fyrir Alþingi 126. löggjafarþing, veturinn 2000-2001. Umsagnirnar er hægt að nálgast á skrifstofu ASÍ.

Þingsályktunartillaga um neytendalán, 90. mál.

Frumvarp til laga um hlutafélög - aðild starfsmanna að stjórn - 122. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, 199. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, 196. mál.

Frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, 160. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, 170. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt – barnabætur - 197. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélag og vinnudeilur, 201. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um söluhagnað hlutabréfa, 264. mál.

Drög að frumvarpi til nýrra vaxtalaga. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Frumvarp til laga um útlendinga, 344. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með útlendingum, 284. mál.

Drög að lögum um uppfinningar starfsmanna. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, 48. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997 – um stofnun hlutafélaga um Landsbankann og Búnaðarbankann - 521. mál.

Tillaga til þingsályktunar um tólf ára samfellt grunnnám, 166. mál.

Tillaga til þingsályktunar um útboðsstefnu ríkisins til eflingar íslenskum iðnaði, 487. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, 50. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingasamninga, 460. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 209. mál.

Frumvarp til laga um br. á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 542. mál.

Tillaga til þingsályktunar um átak til að auka framboð á leiguhúsnæði, 512. mál.

Tillaga til þingsályktunar um samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, 46. mál.

Frumvarp til laga um útsenda starfsmenn, 573. mál.

Frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, 624. mál.

Frumvarp til laga um vexti og verðtryggingar, 566. mál.
Frumvarp til laga um opinber innkaup, 670. mál.
Frumvarp til laga um opinberar framkvæmdir 671. mál.
Frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands 675. mál.
Frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 707. mál.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og fleira, 181. mál.
Frumvarp til laga um húsaleigubætur, breytingar á ýmsum lagaákvæðum, 195. mál.
Frumvarp til laga um breytingar á tollalögum, 731. mál.

NEFNDIR OG RÁÐ

Fastanefndir innan ASÍ

Alþjóðanefnd

Tilnefndur af miðstjórn: Gunnar Páll Pálsson. Tilnefnd af landssamböndum og landsfélögum með beina aðild: Guðrún Erlingsdóttir LÍV, Þorsteinn Gunnarsson Matvís, Helgi R. Gunnarsson RSÍ, Hákon Hákonarson Samiðn, Hólmgeir Jónsson SSÍ, Guðmundur Þ Jónsson SGS, Sigurður Rafn A. Levy bein aðild. Skipaður starfsmaður (tímabundið), Halldór Grönvold.

Atvinnumálanefnd

Tilnefndur af miðstjórn: Kristján Gunnarsson. Tilnefndir af landssamböndum: Kristín Björnsdóttir LÍV, Páll Valdimarsson RSÍ, Hermann Guðmundsson Samiðn, Sævar Gunnarsson SSÍ, Signý Jóhannesdóttir SGS. Skipaður starfsmaður, Rannveig Sigurðardóttir.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd

Tilnefnd af miðstjórn: Þórunn Sveinbjörnsdóttir. Tilnefndir af landssamböndum og landsfélögum með beina aðild: Bjarndís Lárusdóttir LÍV, Sigurður Magnússon Matvís, Ísleifur Tómasson RSÍ, Heimir Janusarson Samiðn, Jón Ingi Kristjánsson SSÍ, Arndís Sigurpáldóttir SGS, Ásdís Björg Schram bein aðild. Skipaður starfsmaður, Halldór Grönvold.

Mennta- og útbreiðslunefnd

Tilnefndur af miðstjórn: Finnbjörn A. Hermannsson. Tilnefndir af landssamböndum og landsfélögum með beina aðild: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir LÍV, Niels S. Olgeirsson Matvís, Stefán Ó. Guðmundsson RSÍ, Haukur Harðarson Samiðn, Kolbeinn Gunnarsson SGS, Hrefna Hallgrímsdóttir bein aðild, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir MFA. Skipaðir starfsmenn, Halldór Grönvold og Arnar Guðmundsson.

Kjara- og skattanefnd

Tilnefndur af miðstjórn: Sigurður Bessason. Tilnefndir af landssamböndum og landsfélögum með beina aðild: Guðbrandur Einarsson LÍV, Sigurður Magnússon Matvís, Guðmundur Gunnarsson RSÍ, Vignir Eyþórsson Samiðn, Sævar Gunnarsson SSÍ, Sigurður

T. Sigurðsson SGS, Sigurgeir Sigmundsson bein aðild. Skipaður starfsmaður, Rannveig Sigurðardóttir.

Skipulags- og starfsháttanefnd

Tilnefndur af miðstjórn: Halldór Björnsson. Tilnefndir af landssamböndum og landsfélögum með beina aðild: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir LÍV, Niels S. Olgeirsson Matvís, Þór Ottesen RSÍ, Finnbjörn A. Hermannsson Samiðn, Elías Björnsson SSÍ, Hver Gunnarsson SGS, Borgþór S. Kjærnested bein aðild. Skipaður starfsmaður, Magnús M. Norðdahl.

Velferðarnefnd

Tilnefndur af miðstjórn: Björn Snæbjörnsson. Tilnefndir af landssamböndum: Ágúst Óskarsson LÍV, Haraldur Jónsson RSÍ, Þorbjörn Guðmundsson Samiðn, Sævar Gunnarsson SSÍ, Linda Baldursdóttir SGS. Skipaður starfsmaður, Rannveig Sigurðardóttir.

Vinnuréttar- og vinnumálanefnd

Tilnefndur af miðstjórn: Pétur A. Maack. Tilnefndir af landssamböndum og landsfélögum með beina aðild: Júnía Þorkeldsdóttir LÍV, Þorsteinn Gunnarsson Matvís, Björn Ágúst Sigurjónsson RSÍ, Sigfús R. Eysteinnsson Samiðn, Guðrún Kr. Óladóttir SGS, Borgþór S. Kjærnested bein aðild. Skipaður starfsmaður, Magnús M. Norðdahl.

Laganefnd

Halldór Björnsson, Finnbjörn A. Hermannsson og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir. Skipaður starfsmaður, Magnús M. Norðdahl.

Ferðanefnd

Pétur A. Maack, Guðrún Erlingsdóttir, Þráinn Hallgrímsson. Skipaður starfsmaður, Halldór Grönvold.

Launanefnd

Halldór Björnsson, Gunnar Páll Pálsson, Niels S. Olgeirsson. Skipaður starfsmaður (tímabundið), Halldór Grönvold.

Fulltrúar Alþýðusambands Íslands í nefndum, ráðum og á fundum

Tilnefningar og skipanir frá 1. nóvember 2000 til 23. maí 2001. Heildarlistinn fæst á skrifstofu ASÍ.

Félagsmálaráðuneytið:

Nefnd félagsmálaráðherra um málefni útlendinga: Miðstjórn samþykkti 27. október 2000 að Magnús M. Norðdal yrði skipaður fulltrúi í nefndina og Halldór Grönvold til vara.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins: Miðstjórn samþykkti 6. desember 2000 að aðalmenn í stjórn VER yrðu Guðrún Kr. Óladóttir, Haraldur Jónsson og Gunnar

Páll Pálsson. Varamenn Stefán Guðmundsson, Grétar Hannesson og Ásdís Guðmundsdóttir.

Nefnd um rétt foreldra vegna veikinda barna: Miðstjórn samþykkti 6. desember 2000 að aðalmaður yrði Þórunn Sveinbjörnsdóttir og vara- maður Kristján Gunnarsson.

Þriðjanefnd ILO: Miðstjórn samþykkti 24. janúar 2001 að Magnús M. Norðdahl yrði fulltrúi ASÍ.

Nefnd um fjölþrepaskatt og viðmiðunarneyslu: Miðstjórn samþykkti 4. apríl 2001 að tilnefna Sigurð Bessason og Hólmgeir Jónsson í nefndina og að Rannveig Sigurðardóttir starfi með þeim og fjalli um fjölþrepaskattkerfið. Þegar þeim þætti lyki taki hins vegar Rannveig sæti í nefndinni í stað Hólmgeirs.

Forsætisráðuneytið

Nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok: Miðstjórn samþykkti 6. desember 2000 að aðal- maður yrði Þorbjörn Guðmundsson og varamaður Rannveig Sigurðardóttir.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið:

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins: Miðstjórn staðfesti 23. maí 2001 tilnefningu Halldórs Björnssonar sem aðalmanns og Grétars Þorsteinssonar til vara.

Menntamálaráðuneytið:

Stjórn Menntar: Miðstjórn samþykkti 27. október 2000 að Garðar Vilhjálmsson og Guðmundur Gunnarsson yrðu aðalmenn og til vara væru Alda Sigurðardóttir og Elinbjörg Magnúsdóttir. *Vinnuhópur Menntar um vottunarkerfi vegna náms:* Miðstjórn samþykkti 6. desember 2000 að Ásmundur Hilmarsson yrði aðalmaður og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, varamaður. *Starfsmenntaráð:* Miðstjórn samþykkti 6. desember 2000 að aðalmenn í Starfsmenntaráði yrðu Halldór Grönvold og Guðmund Gunnarsson og til vara Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Halldór Björnsson *Samstarfsnefnd á framhaldsskólastigi.* Ákveðið var að SGS, LÍV, Samiðn, RSÍ, Matvís og INSÍ tilnefndu fulltrúa ASÍ.

Umhverfisráðuneytið:

Samráðsnefnd vegna umhverfisþings: Miðstjórn samþykkti 27. október 2000 að Guðrún Kr. Óladóttir yrði fulltrúi ASÍ í nefndinni. *Umhverfisþing:* Miðstjórn samþykkti 24. janúar 2001 að fulltrúi ASÍ yrði Kolbeinn Gunnarsson

Umhverfisfræðsluráð: Miðstjórn samþykkti 7. mars 2001 að Heimir Janusarson yrði aðalmaður og varamaður Tryggvi Frimann Árnason.

Utanríkisráðuneytið:

Kærunefnd Kaupskrárnefndar: Miðstjórn samþykkti 20. mars 2001 að Magnús M. Norðdahl verði aðal- fulltrúi og Halldór Grönvold til vara.

Hagstofan:

Kauplagsnefnd: Miðstjórn samþykkti 4. apríl 2001 að Rannveig Sigurðardóttir verði fulltrúi ASÍ.

Kjararannsóknarnefnd

Miðstjórn samþykkti 29. nóvember 2000 að Sigurður Bessason, Grétar Þorsteinson og Magnús L. Sveins- son yrðu fulltrúar ASÍ í Kjararannsóknarnefnd.

Ýmislegt:

Fulltrúaráð Skjóls: Miðstjórn samþykkti 21. febrúar 2001 að fulltrúar ASÍ yrðu Guðmundur Þ Jónsson, Pétur A. Maack og Þórunn Sveinbjörnsdóttir. Vara- menn Jóhanna E. Vilhelmsdóttir og Örn Friðriksson. Þá var samþykkt að Guðmundur Þ Jónsson verði fulltrúi í stjórn Skjóls og Jóhanna E. Vilhelmsdóttir til vara. *Fenúr (Fagráð um endurvinnslu og úrgang):* Miðstjórn samþykkti á fundi 7. mars 2001 að Viðar Ottesen verði fulltrúi ASÍ á aðalfund Fenúr. *Aflvaki – Samstarfsráð:* Miðstjórn samþykkti 18. apríl 2001 að Efling, VR, Vlf. Hlíf, Matvís, RSÍ, Samiðn tilnefndu fulltrúa ASÍ í ráðið. *Ársfundur Landverndar:* Miðstjórn samþykkti 2. maí 2001 að Jón Ingi Kristjánsson yrði fulltrúi ASÍ og Kristín Björnsdóttir til vara. *Verkefnisstjórn vegna árs fatlaðra 2003:* Miðstjórn samþykkti 16. maí 2001 að Björn Snæbjörnsson verði fulltrúi ASÍ í verkefnisstjórninni og Matthildur Sigurjónsdóttir verði varamaður. *Verkefnisstjórn um starfsmat hjá Reykjavíkurborg:* Rannveig Sigurðardóttir, hagfræðingur ASÍ, er aðalmaður og Þorbjörn Guðmundsson varamaður.

MENNINGAR- OG FRÆÐSLUSAMBAND ALPÝÐU

Stjórn MFA skipa: Haukur Harðarson, formaður, Stefania Magnúsdóttir, varaformaður, Ingunn Þorsteinsdóttir, Signý Jóhannesdóttir og Kristín Björnsdóttir. Varamenn eru Alda Sigurðardóttir og Linda Baldursdóttir.

Stjórn Félagsmálaskóla alpýðu skipa: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður, frá MFA, Björn Snæbjörnsson frá ASÍ, Gissur Pétursson frá Félagsmálaráðuneytinu, Sigríður Kristinsdóttir frá BSRB, Jóhann Geirdal, Stefania Magnúsdóttir og Þorbjörn Guðmundsson frá MFA. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára.

Skólanefnd Mímis-Tómstundaskólans skipa: Haukur Harðarson, Þráinn Hallgrímsson og Kristín Björnsdóttir. Varamaður er Linda Baldursdóttir.

Starfsmenn

Fastráðnir starfsmenn á starfstímabilinu voru: Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, Ásmundur Hilmarsson, Hrafnhildur Tómasdóttir, Rannveig Einarsdóttir og Hólmfríður E. Guðmundsdóttir verkefnastjórnar. Hjördis Kristinsdóttir, bókari, Rósa S. Jónsdóttir, gjaldkeri og Elfa Andrésdóttir, ræstingar. Starfsmenn MFA eru jafnframt starfsmenn Félagsmálaskóla alpýðu. Fastráðnir starfsmenn Mímis-Tómstundaskólans á starfs- tímabilinu voru: Sigríður Einarsdóttir og Helga Pálsdóttir.

Fjármál

MFA fjármagnar starfsemi sína með skatttekjum frá stéttarfélögum innan ASÍ, framlagi úr ríkissjóði, styrkjum til sérverkefna og sölu námskeiða.

Félagsmálaskóli alpýðu fjármagnar starfsemi sína með framlagi úr ríkissjóði og námsgjöldum.

Mímir-Tómstundaskólinn fjármagnar starfsemi sína með námsgjöldum, styrk frá Reykjavíkurborg og styrkjum frá stéttarfélögum gegn 10% afslætti til félagsmanna.

Það fé sem aflað er með námsgjöldum og styrkjum til sérverkefna er um 70% af heildarveltu fræðslustarfsins.

Fræðslustarf MFA

Fræðslustarf MFA hefur verið með hefðbundnum hætti í vetur. Helstu verkefni hafa verið MFA-skólinn, námskeið fyrir atvinnulausa og starfsmenntanámskeið. Þrátt fyrir lítið atvinnuleysi hefur tveimur MFA-skólum fyrir atvinnulausa verið haldið úti í vetur. MFA býður upp á tvö mismunandi námskeið fyrir atvinnulausa, sjálfsstyrkingu og starfsleit 3. Þessi námskeið hafa verið haldin með reglulegu millibili í vetur.

Starfsmenntanámskeið hafa verið haldin í samvinnu við stéttarfélagin. Dæmi um námskeið eru starfsnám í jarðlagnatækni, ræstingarnámskeið, námskeið í umönnun barna og námskeið fyrir starfsfólk sjúkrahúsa á þremur stöðum á Vestfjörðum, en þar var fjarkennsla mikið notuð.

Í vetur hefur verið unnið að skipulagningu á nýju námstilboði, starfsnámi fyrir flutningaverkamenn í samvinnu við Samskip, Eflingu-stéttarfélag og Starfsgreinasamband Íslands. Lokið hefur verið við námskrárgerð og auglýst eftir umsóknum innan Samskípa. Stefnt er að því að hefja kennslu í byrjun september.

MFA hefur fengið styrki frá Starfsmenntasjóði í eftirtalin verkefni: Vefbundið námskeið um einelti og áreitni á vinnustöðum, samstarfsaðili Opnar gáttir. Vefbundið námskeið í ensku fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu, samstarfsaðilar Símenntunarmiðstöð KHÍ, Verkalyðsfélag Þórshafnar og Mímir- Tómstundaskólinn. Námskeið fyrir stjórnendur starfsmenntunar, samstarfsaðilar Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni og Félag fræðslustjóra. Loks fékkst styrkur til að halda MFA-skóla fyrir nýbúa í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag. Leitað verður samstarfs við nokkur fyrirtæki um að senda erlenda starfsmenn í skólann.

Sjóður menntamálaráðuneytisins, sem veitir styrki til framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu, hefur samþykkt styrk til að bjóða MFA-skólann fólki á vinnumarkaði. Leitað verður eftir frekari stuðningi við verkefnið, sem unnið er í samvinnu við Eflingu -stéttarfélag.

Í vetur hefur verið boðið upp á tvö ný námskeið, annars vegar námskeið um einelti og hins vegar námskeið um ágreining. Þessi námskeið hafa verið haldin bæði hjá fyrirtækjum og stéttarfélagum.

Félagsmálaskóli alþýðu

Starfsemi Félagsmálaskóla alþýðu hefur verið með hefðbundnum hætti í vetur. Haldin hafa verið trúnaðarmananámskeið eftir þörfum. Félagstjórnunarnámskeið hafa verið haldin á Selfossi.

Á vormánuðum var boðið upp á námskeið í Almannaatengslum í fyrsta sinn. Námskeiðið var haldið í Glasgow og voru nemendur 27. Gerður var góður rómur að námskeiðinu sem fjöldi forystumanna ASÍ og BSRB sótti.

Í samvinnu við Starfsgreinasamband Íslands var haldin kvennaráðstefna á Akureyri sem um 50 konur víðsvegar að af landinu sóttu. Félagsmálaskóli alþýðu er einnig í samstarfi við SGS um forystufræðslu fyrir félagsmenn og var fyrsta námskeiðið haldið í maí. Fyrirhugað er að halda nokkur námskeið hringinn í kringum landið.

Mímir-Tómstundaskólinn

Starfsemi Mímis-Tómstundaskólans hefur verið með hefðbundnum hætti í vetur. Boðið hefur verið upp á fjölbreytt úrval námskeiða á mörgum sviðum. Tungumáladeildin er vinsælasta deildin og aflar skólinn rúmlega helming tekna sinna með sölu tungumálanámskeiða. Mímir-Tómstundaskólinn tók þátt í tungumálahátíðinni Babelsturninn í samvinnu við Endurmenntunarstofnun H.Í. í tengslum við evrópska tungumálaárið.

Mímir-Tómstundaskólinn lenti í taprekstri á árinu 1999 vegna ýmissa ófyrirsjáanlegra mála sem upp komu í starfinu. Rekstrarniðurstaða ársins 2000 liggur nú fyrir og ljóst er að tekist hefur að snúa blaðinu við. Skólinn skilar nú umtalsverðum hagnaði miðað við rekstur fyrri ára og vinnur þannig upp stóran hluta af neikvæðri eiginfjárstöðu sinni. Reksturinn á árinu 2001 lítur einnig mjög vel út.

Erlent samstarf á vegum MFA

MFA á Norðurlöndum

MFA er í norrænu samtökunum ABF í Norden, sem eru fræðslusamtök verkalyðshreyfingarinnar á Norðurlöndunum. Haldnir eru tveir fundir á ári. ABF í Norden úthlutar m.a. styrkjum til norrænna samstarfsverkefna. Ingibjörg E. Guðmundsdóttir er fulltrúi MFA.

Norræni MFA-skólinn

Norræni MFA-skólinn er haldinn einu sinni á ári. MFA sendir að jafnaði 3 nemendur á skólann. Skólinn verður haldinn á Grænlandi í næstkomandi haust. Verkefnið er rekið með styrk frá ABF í Norden.

Eftirmenntun kennara í fullorðinsfræðslu

MFA hefur tekið þátt í norrænu verkefni ásamt systursamtökum sínum í Noregi, Danmörku og Eistlandi. Boðið hefur verið upp á námskeið þar sem kennarar á vegum samtakanna eru þjálfaðir í fullorðinsfræðslu og alþýðufræðslu. Fyrirhugað er að halda námskeið á Íslandi næstkomandi haust. Verkefnið er rekið með styrk frá ABF í Norden. Hrafnhildur Tómasdóttir tekur þátt í verkefninu fyrir hönd MFA.

Norrænt verkefni um þarfagreiningu

MFA tekur þátt í norrænu verkefni SABKEK ásamt systursamtökum sínum í Noregi, Danmörku og Eistlandi. Verkefnið fjallar um skilgreiningu og skráningu á hæfni starfsmanna í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Hópurinn hóf störf sín á vormánuðum er hann fundaði á Íslandi. Verkefnið er rekið með styrk frá ABF í Norden. Hrafnhildur Tómasdóttir tekur þátt í verkefninu fyrir hönd MFA.

Norrænt verkefni um norrænu fræðslusamböndin

Að ósk Menntamálaráðuneytisins tók MFA að sér þátttöku í norrænu verkefni um fræðslusamböndin. Fræðslusamböndin á Norðurlöndum eru um margt sérstök. Gerð verður skýrsla um norrænu fræðslusamböndin og þær aðstæður sem þau búa við á Norðurlöndunum. Verkefnið er rekið með styrk frá Norrænu ráðherranefndinni. Ingibjörg E. Guðmundsdóttir tekur þátt í verkefninu fyrir hönd MFA.

Genfarskólinn

MFA sendir árlega tvo nemendur á Genfarskólann sem haldinn er í tengslum við þing Alþjóða vinnuálagstofnunarinnar í Genf. Annar nemandinn er jafnan fulltrúi ASÍ og hinn BSRB. Nemendur í ár eru Garðar Vilhjálmsson, Eflingu og Tryggvi Þorsteinsson, SFR. Þráinn Hallgrímsson tekur þátt í verkefninu fyrir hönd MFA.

LISTASAFN ASÍ

Starfsemi Listasafns ASÍ hefur verið með miklum blóma í Ásmundarsal við Freyjugötu. Safnið er vettvangur fjölmargra metnaðarfullra sýninga og er fjölsótt. Þá leggur Listasafn ASÍ einnig áherslu á að rækta þá sérgrein sína að koma listinni á framfæri við fólkið í landinu með vinnustaðasýningum en það var ósk Ragnars Jónssonar í Smára þegar hann lagði grunninn að safninu með höfðinglegri listaverkagjöf sinni árið 1961. Forstöðumaður Listasafns ASÍ er Kristín Guðnadóttir, listfræðingur.

Sýningar í Listasafni ASÍ árið 2001

- 13. – 28. janúar - Ásmundarsalur og Gryfja: **Anna Jóa.**
- 3. – 18. febrúar - Ásmundarsalur og Gryfja: **Hlynur Helgason.**
- 24. febrúar – 11. mars - Ásmundarsalur og Gryfja: **Sigrún Eldjárn.**
- 17. mars – 1. apríl - Ásmundarsalur og Gryfja: **Guðrún Gunnarsdóttir.**
- 7. – 29. apríl - Ásmundarsalur og Gryfja: **Olga Bergmann og Anna Hallin.**
- 5. – 20. maí - Ásmundarsalur og Gryfja: **Jón Reykdal og Jóhanna Þórðardóttir.**
- 24. maí – 4. júní - Ásmundarsalur: **Verk úr Listasafni Hallgrímskirkju.**
- 9. júní – 12. ágúst - Sumarsýning Listasafns ASÍ: **Þórarinn B. Þorláksson, Ásgrímur Jónsson, Jóhannes S. Kjarval, Jón Stefánsson, Gunnlaugur Scheving, Þorvaldur Skúlason, Svavar Guðnason.**
- 18. ágúst – 2. sept. - Ásmundarsalur og Gryfja: **Útskriftarnemendur skúlptúrdeildar Listaháskólans.**
- 8. – 23. sept. - Ásmundarsalur og Gryfja: **Ólöf Nordal.**
- 29. sept. – 14. okt. - Ásmundarsalur: **Guðrún Hrönn Ragnarsd. - Gryfja: Saari Marit Cedergren.**
- 20. okt. – 4. nóv. - Ásmundarsalur og Gryfja: **Anna Eyjólfsdóttir.**
- 10. – 25. nóv. - Ásmundarsalur og Gryfja: **Margrét Jónsdóttir.**
- 1. – 16. des. - Ásmundarsalur og Gryfja: **Hringur Jóhannesson og Þorri Hringsson.**

FUNDIR OG FUNDASÓKN MIÐSTJÓRNARMANNA

Frá 29. nóvember 2000 til 23. maí 2001

	2000			2001									
	29. nóv.	6. des.	10. jan.	24. jan.	7. feb.	21. feb.	7. mar.	20. mar.	4. apr.	18. apr.	2. maí	16. maí	23. maí
Björn Snæbjörnsson		x	x	x	x				x	x	x	x	
Finnbjörn A. Hermannsson	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x	x	
Grétar Þorsteinsson	x							x	x		x	x	x
Guðrún Erlingsdóttir	x	x	x	x				x	x	x	x	x	x
Gunnar Páll Pálsson	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Halldór Björnsson	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		
Jón Ingi Kristjánsson	x		x	x	x		x	x	x		x	x	x
Kristján Gunnarsson		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Niels S. Olgeirsson	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	
Pétur A. Maack	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x			
Pétur Sigurðsson	x	x	x	x	x		x	x	x		x	x	
Sigurður Bessason	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x
Sævar Gunnarsson		x	x	x	x	x		x	x			x	x
Þórunn Sveinbjörnsdóttir	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	
<i>Varamenn:</i>													
Ágúst Óskarsson					x					x			
Birgir Björgvinsson	x					x	x						x
Hervar Gunnarsson			x					x			x	x	x
Kolbeinn Gunnarsson	x								x				
Ragna Larsen	x												
Rannveig Sigurðardóttir	x					x						x	
Örn Friðriksson				x	x		x						x

